



ÁRSSKÝRSLA VR
2022 - 2023



Umbrot/útlit: Reynir Albert Þórólfsson

Myndir: Hallmar Freyr Þorvaldsson, Birgir Ísleifur Gunnarsson, Tómas Bolli Hafþórsson og úr herferð VR, „Ég bara spyr“

Athugið að fjárhagslegar upplýsingar í ársskýrslunni sem vísa til reksturs eða sjóða félagsins miða við almanaksárið en upplýsingar um starfsemi félagsins að öðru leyti miða við starfsár stjórnar á milli aðalfunda, nema annað sé tekið fram.

■ Þetta er VR	4
■ Ávarp formanns	6
Stjórn VR starfsárið 2022 - 2023	7
■ Kjarasamningar	8
Aðalkjarasamningar VR	8
Kröfugerð VR og LÍV gagnvart samtökum atvinnulífsins	14
Aðrar kröfur	10
Kjarasamningaviðræður	12
Fræðsla og auglýsingar í tengslum við kjarasamninga 2022	14
Aðrir kjarasamningar	14
■ Kjaramál	15
Þjónusta kjaramálasviðs	15
Vinnustaðaeftirlit	16
Dómsmál	16
■ Sjúkrasjóður	18
Sjúkradagpeningar 2022 og 2023	18
Breyting á reglugerð Sjúkrasjóðs VR	18
Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR starfsárið 2022 – 2023	18
■ Orlofsmál	19
Um orlofshúsin	19
Afláttarmiðar og kort, samstarf við ferðaþjónustuaðila	19
Framkvæmdastjórn Orlofssjóðs VR starfsárið 2022 – 2023	19
■ Starfsmenntamál	20
Starfsmenntanefnd	20
Þróun náms í verslun og þjónustu	20
Starfræni hæfniklasinn	21
Fræðslustjóri að láni	21
Aukin hæfni og þekking starfsfólks í verslun og þjónustu	21
Starfsgreinaráð	21
Lykiltölur úr ársreikningum starfsmenntasjóða	21
Stjórnir starfsmenntasjóða starfsárið 2022 - 2023	21
■ VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR	22
Hvatning og stuðningur	22
■ Ályktanir og yfirlýsingar, fundir, nefndir	23
Ályktun stjórnar vegna kjaradeilu eflingar og SA	23
Stuðningur við framboð formanns til forseta ASÍ	23
Yfirlýsing stjórnar vr vegna krafna framhaldsskólanema	23
Yfirlýsing frá stjórn vr um hópuppsagnir á skrifstofu eflingar	23
Fundir starfsárið 2022 – 2023	23
Nefndir og stjórnir	24
Erlend samskipti	25
■ Starfsemi og rekstur félagsins	26
Kjör vegna framboða til trúnaðarstarfa	26
Stjórnarhættir	26
Stefnur VR	26
Heimsmarkmiðin	27
Starfsemi þjónustuværs 2022	27
VR varasjóður	27
Félagsmál	28
Rannsóknir og kannanir	28
Útgáfu- og kynningarmál	29
Fyrirlestrar, námskeið og fræðsla	29
Skipulag skrifstofu VR	30
Kjörin stjórn og trúnaðarráð árið 2022	32
Trúnaðarmenn á vinnustöðum	32


**VR Annual Report
2022 - 2023**
English summary
on p. 33 - 36

Ársreikningur 2022	37
Skýrsla stjórnar	38
Áritun óháðs endurskoðanda	39
Staðfesting vegna annarra ákvæða laga	40
Áritun félagskjörins skoðunarmanns	40
Rekstrarreikningur 2022	41
Efnahagsreikningur 31. desember 2022	42
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022	33
Skýringar	44
Skýringar - sundurliðanir	50
Skýringar - yfirlit um rekstur sjóða VR árið 2022	52
Skýringar - efnahagur sjóða VR 31. desember 2022	53

ÞJÓNUSTAN Í HNOTSKURN 2022


FJÖLDI AFGREIÐSLNA	4.692
FJÖLDI SÍMTALA	37.571
FJÖLDI TÖLVUPÓSTA TIL VR@VR.IS	13.638
UMFERÐ UM VR.IS	583.000
FJÖLDI FÉLAGSFÓLK	38.883
FJÖLDI NÝRRA KJARAMÁLA	1.728
FÉLAGSGJÖLD	1,8 ma.kr.
FJÖLDI GISTINÁTTA ORLOFSHÚSA	20.491
GREIDDIR SJÚKRADAGPENINGAR	1,9 ma.kr.
STARFSMENNTASTYRKIR, FJÖLDI	7.568
VR VARASJÓÐUR, STYRKIR	727 m.kr.
VR VARASJÓÐUR, FJÖLDI EINSTAKLINGA	16.508

KYNJABÓKHALD VR




GREIÐSLUR ÚR VR VARASJÓÐI 2022

- Forvarnir
- Orlofsþjónusta
- Lækniskostnaður
- Endurhæfing
- Hjálpartæki
- Námsorlof
- Annað




SJÚKRASJÓÐUR VR

HLUTFALL SJÚKRADAGPENINGA AF IÐGJÖLDUM



SJÚKRADAGPENINGAR PR. 1.000 FÉLAGA Í VR



Kjarasamningaviðræður og ótrygg staða þjóðarbúsins settu afgerandi mark sitt á starfsár stjórnar VR 2022 – 2023. Nýir kjarasamningar voru undirbúnir og undirritaðir á sama tíma og verðbólga fór á flug og staða launafólks versnaði, ekki síst á húsnæðismarkaði. Ávinningur samninganna fyrir félagsfólk VR og launafólk allt er í hættu ef ekki tekst að koma böndum á verðbólguna.

Undirbúningur kjarasamninga hófst strax í upphafi árs 2022 þegar könnun var lögð fyrir félagsfólk um áherslur í samningunum. Þúsundir VR félaga sögðu sína skoðun og niðurstöðurnar lögðu línurnar fyrir næstu skref. Metnaðarfull kröfugerð var lögð fram á fundi með Samtökum atvinnulífsins um miðjan júní og viðræðuáætlun undirrituð tveimur mánuðum síðar. Kjarasamningaviðræður hófust fyrir alvöru í október en gengu ekki þrautalaust fyrir sig. Eftir árangurslausa fundi var deilunni vísað til ríkissáttasemjara í nóvember. Um þremur vikum síðar lýsti samninganefnd VR yfir árangursleysi viðræðna hjá sáttasemjara, lítill vilji væri hjá viðsemjendum að koma til móts við kröfur félagsins. VR tók höndum saman með samfloti iðn- og tæknifólks í byrjun desember og náðust samningar loks um miðjan mánuð.

Kjarasamningar 2022 eru til skamms tíma og vinna við næstu samninga þegar hafin. Þeir verða einhverjir mikilvægustu kjarasamningar sem stéttarfélög á almennum vinnumarkaði hafa gert lengi og mikilvægt að verkalyðshreyfingin standi sameinuð að þeim. Góð vinna hefur farið fram innan aðildarfélaga ASÍ eftir stormasamt þing Alþýðusambandsins síðastliðið haust og gengur sú vinna vel.

Þegar við förum yfir starfsemi félagsins má sjá að félagsfólki fjölgaði umtalsvert á milli árána 2021 og 2022, en fjöldinn var að meðaltali 38.883 árið 2022. Félagsfólki hefur fjölgað um meira en þriðjung á áratug, 2012 voru um 29 þúsund félagar í VR. Erlendu félagsfólki hefur fjölgað mikið og eru nú um 14% VR félaga með erlent ríkisfang. Rúmur þriðjungur mála sem kom til kasta sérfræðinga kjaramálasviðs á árinu 2022 snerti hins vegar félagsfólk með erlent ríkisfang sem er til marks um að staða erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði sé ótrygg og að leggja þurfi aukna áherslu á að verja réttindi þeirra.

Þjónusta VR tók miklum breytingum í Covid-19 faraldrinum og var ítrekað færð á netið og í síma vegna samkomutakmarkana. VR hafði árin fyrir Covid lagt aukna áherslu á að þróa og bæta rafræna þjónustu félagsins og aðgengi að upplýsingum á Mínum síðum. Ljóst er að sú áhersla skilaði félagsfólki miklum ávinningi þegar faraldurinn reið yfir. Margar af þeim breytingum sem Covid-19 hafði í för með sér eru komnar til að vera og viljum við bæta enn í rafræna þjónustu okkar. Því verkefni lýkur aldrei.



Tæplega fjórðungi fleiri mál komu til kasta kjaramálasviðs árið 2022 en árin tvö á undan en þá varð umtalsverð fækkun vegna Covid-19. Við sjáum einnig aukningu í fjölda félagsfólks sem fær greidda sjúkradagpeninga, þvert á þróun tveggja ára þar á undan. Rúmlega þriðjungur greiddra dagpeninga er vegna geðraskana en það hlutfall var um fjórðungur árið 2007. Það er mikilvægt að verkalyðshreyfingin bregðist við þessari þróun. Félagsfólki sem sótti í VR varasjóð fjölgaði en eilítil fækkun varð í umsóknum í starfsmenntasjóði á milli ára.

Orlofshúsum í eigu félagsins fjölgaði á milli ára og eru nú 85 hús og íbúðir í eigu VR. Félagið tók í notkun fjögur ný orlofshús í Hálöndum við Akureyri og stórt hús í Hvalfirði sem getur hýst stórfjölskylduna en kallað hefur verið eftir slíku húsi. Mikil ásókn er alltaf í orlofshúsin og nýting almennt góð.

Nefndarstarf félagsins er umfangsmikið og mikilvægt í allri starfseminni. Nefndir eru starfandi um helstu málefni og má þar nefna húsnæðisnefnd sem ber að móta stefnu félagsins í húsnæðismálum, framtíðarnefnd sem hefur það hlutverk að endurskoða stefnuna í ljósi breytinga í samfélaginu hverju sinni, jafnréttis- og mannréttindanefnd sem gegnir mikilvægu hlutverki í baráttunni fyrir jafnrétti á vinnumarkaði og starfsmenntanefnd sem hefur á sinni könnun að efla framgang starfsmenntunar félagsfólks. Við stöndum frammi fyrir miklum breytingum á vinnumarkaði og brýnt að félagið leggi sig fram um að styðja við félagsfólk sitt, bæði í nútíð og til framtíðar. Nefndir félagsins gegna þar lykilhlutverki.

Húsnæðismálin hafa verið fyrirferðarmikil á þessu starfsári stjórnar enda er aðgangur að húsnæði á sanngjörnu verði meðal grundvallarmannréttinda launafólks. Þessi málaflokkur verður eitt af helstu áhersluatriðum félagsins í þeim kjarasamningaviðræðum sem nú eru nýhafnar. Á starfsárinu stofnaði félagið VR Blæ ehf. og VR Blæ leigufélag slhf. til að annast uppbyggingu á lóð félagsins í Úlfarsárdal. Skrifað hefur verið undir samstarfssamning við Íslenska aðalverktaka um þróun og byggingu 36 leigubúða á lóðinni sem leigðar verða til félagsfólks VR.

Starfsmenntamálin eru sífellt mikilvægari þáttur í starfsemi félagsins og hjá félaginu starfar öflug starfsmenntanefnd. Eitt af áhersluverkefnum nefndarinnar á þessu starfsári var starfsþróunarráðgjöf fyrir félagsfólk í samstarfi við Mími-símenntun. Ráðgjöfin felur í sér stuðning og upplýsingar um mögulegar leiðir til starfsþróunar og aðstoð við ferilskrár. Um miðjan mars undirrituðu VR og Samtök verslunar og þjónustu svo samstarfssamning um aukna hæfni í verslun og þjónustu en ljóst er að breytingar í geiranum kalla á breytingar í menntun starfsfólks. Samningurinn gerir ráð fyrir metnaðarfullum markmiðum á þessu sviði til ársins 2030.

STJÓRN VR STARFSÁRIÐ 2022 - 2023

Ragnar Þór Ingólfsson formaður, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir varaformaður, Harpa Sævarsdóttir ritari, Bjarni Þór Sigurðsson, Fríða Thoroddsen, Helga Ingólfssdóttir, Jón Steinar Brynjarsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigurður Sigfússon, Þorvarður Bergmann Kjartansson og Þórir Hilmarsson.


Til vara: Arnþór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson og Sigríður Hallgrímsdóttir.

VR hefur lengi lagt áherslu á að efla færni verslunarfólks og fagnar þessum samningi.

Hádegisfyrirlestrar, námskeið og skólakynningar náðu til þúsunda félaga á starfsárinu. VR býður upp á fjölbreytt framboð fyrirlestra og námskeiða fyrir félagsfólk sitt á vinnumarkaði, bæði á rafrænu formi og í staðfundum. Það fyrirkomulag hefur mælst mjög vel fyrir og ljóst að það er komið til að vera sem mikilvægur samskiptavettvangur félagsins. VR hefur farið með kynningar á réttindum og skyldum á vinnumarkaði í grunn- og framhaldsskóla á félagssvæði sínu í meira en tvo áratugi. Fyrir tæpum áratug bættist VR Skóli lífsins við og hafa þúsundir nemenda lokið við það námskeið.

Samstarf stjórnar hefur verið afar gott á þessum krefjandi tímum. Ég vil þakka stjórninni, trúnaðarráði, starfsfólki félagsins og félagsfólki öllu ánægjulegt samstarf á starfsárinu sem nú er að líða og hlakka til að takast á við áskoranirnar framundan með öllu því góða fólk.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR



Stjórn VR 2022 – 2023, fremri röð frá vinstri: Þórir Hilmarsson, Harpa Sævarsdóttir, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir og Sigurður Sigfússon.

Efri röð frá vinstri: Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Helga Ingólfssdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Selma Björk Grétarsdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson og Sigrún Guðmundsdóttir. Á myndina vantar Fríðu Thoroddsen, Jón Steinar Brynjarsson og Svanhildu Ólöfu Þórsteinsdóttur. Ljósmynd: Birgir Isleifur.

AÐALKJARASAMNINGAR VR

Aðalkjarasamningar VR runnu út þann 1. nóvember 2022. Nýir samningar voru undirritaðir í desember 2022 og var gildistími þeirra frá 1. nóvember það sama ár.

KRÖFUGERÐ VR OG LÍV GAGNVART SAMTÖKUM ATVINNULÍFSINS

Könnun um áherslur í kjarasamningagerðinni var gerð meðal félagsfólks VR í febrúar og mars 2022 og lagði hún grunninn að kröfugerð félagsins. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar og ræddar á vinnufundi trúnaðarráðs og trúnaðarfólks félagsins þann 7. apríl 2022. Kjaramálanefnd VR hefur það hlutverk að móta kröfugerð félagsins og fundaði nefndin fjórum sinnum áður en drög að kröfugerð voru lögð fyrir stjórn. Stjórnin samþykkti kröfugerðina á fundi sínum í maí og var hún kynnt Samtökum atvinnulífsins á fundi þann 13. júní 2022. Kröfugerð VR og Landssambands ísl. verzlunarmanna, LÍV, gagnvart Samtökum atvinnulífsins er birt hér að neðan í heild sinni. Kröfugerð gagnvart Félagi atvinnurekenda er nánast samhljóða en hún var lögð fram á fundi þann 23. júní 2022.

Markmið

Markmið kjarasamninga er að auka lífsgæði launafólks og tryggja jafnræði á vinnumarkaði. Í kröfugerð VR og LÍV fyrir kjarasamninga 2022 er því megináhersla lögð á að auka kaupmátt ráðstöfunartekna félagsfólks og tryggja stöðugleika í efnahagslífinu til þess að verja þann ávinning sem náðist við gerð Lífskjarasamningsins árið 2019. VR og LÍV telja mikilvægt að huga vel að þeim sem lægstu launin hafa en tryggja jafnframt að allt launafólk njóti jafnræðis.

VR og LÍV leggja til að samið verði til þriggja ára og að samningurinn gildi frá 1. nóvember 2022 til 30. október 2025.

Aðkoma stjórnvalda

Aðkoma stjórnvalda að kjarasamningum á almennum vinnumarkaði er óhjákvæmileg því staðan kallar á mikilvægar breytingar á grundvallarkerfum íslensks samfélags. Stjórnvöld verða að koma að borðinu með samtökum launafólks og atvinnurekenda eigi kjarasamningaviðræður að skila þeim ávinningi sem vonir standa til. VR og LÍV gera

þær kröfur til stjórnvalda að þau afnemi verðtryggingu á neytendalánum, lækki álögur og skatta á launafólk og lækki virðisaukaskatt á nauðsynjavörum.

Uppstokkunar er þörf á húsnæðismarkaði og þjóðarsátt um næstu skref. VR og LÍV gera þá kröfu að þak verði sett á leigu, ungu fólki auðvelduð fyrstu kaup með auknum stuðningi frá hinu opinbera og lóðaframboð aukið verulega með aðkomu sveitarfélaga. Framboð húsnæðis, hvort heldur er til eignar eða leigu, er í engu samræmi við eftirspurn og fáir sem geta komið sér þaki yfir höfuðið.

VR og LÍV krefjast þess einnig að stjórnvöld hlúi betur að þeim sem þurfa meiri aðstoð með því að minnka skerðingar í almannatryggingakerfinu, afnema tekjutengingar bóta og niðurgreiða sálfræðiaðstoð.

Launaliðurinn

Meginmarkmið kjarasamninganna þegar kemur að launaliðnum er að verja þann árangur sem náðist í síðustu kjarasamningum fyrir þau sem eru með lægstu launin en jafnframt tryggja að allt launafólk fái notið jafnræðis þegar kemur að launahækkunum. Aukinn kaupmáttur ráðstöfunartekna liggur til grundvallar launakröfum félagsins og að launafólk geti lifað mannsæmandi lífi á dagvinnulaunum sínum. Lágmarkslaun eiga að duga til framfærslu samkvæmt þeim viðmiðum sem fyrir liggja.

VR og LÍV gera þá kröfu að stjórnvöld komi að borðinu með aðgerðir til að styrkja launalið kröfugerðarinnar, t.d. í skatta- og vaxtamálum, með hækkun barnabóta og afnámi verðtryggingar á neytendalánum.

Veikindaréttur

VR og LÍV leggja til nokkrar breytingar á veikindarétti kjarasamninga. VR og LÍV ítreka þá kröfu að veikindaréttur vegna barna taki til barna og ungmenna allt að 18 ára aldri. Þá vilja VR og LÍV tryggja að fjarvera vegna veikinda verði talin hvort sem er í hálfum eða heilum dögum.

VR og LÍV telja mikilvægt að auka sveigjanleika í veikindarétti þannig að hann geti komið til móts við alvarleg áföll

Tímalína kjarasamninga VR og samtaka atvinnurekenda 2022

17. FEBRÚAR – 3. MARS 2022

Könnun um áherslur í kjarasamningum

7. APRÍL 2022

Trúnaðarráð VR fundar um kröfugerð

11. MAÍ 2022

Stjórn VR samþykkir kröfugerð

félagsfólks. VR og LÍV gera þá kröfu að veikindaréttur verði útvíkkaður þannig að hann taki til alvarlegra veikinda og / eða fráfalls nákominna ættingja sem og jarðarfara.

Þá ítreka VR og LÍV þá kröfu að allur kostnaður vegna komugjalda og læknisvottorða verði greiddur af atvinnurekanda, óski hann eftir vottorði vegna veikinda. Einnig gera VR og LÍV þá kröfu að heimsóknir til læknis / tannlæknis í forvarnarskyni falli undir veikindarétt. Slíkt taki jafnframt til barna félagsfólks.

30 daga orlof

Launafólk gerir kröfu um aukinn frítíma og meiri sveigjanleika í orlofstöku. Samkvæmt kjarasamningum VR og LÍV er lágmarksorlof 24 dagar en allt að 30 dagar eftir 10 ár hjá sama fyrirtæki. Breytingar á orlofsrétti hjá starfsfólki hins opinbera kalla á endurskoðun á rétti starfsfólks á almennum vinnumarkaði. VR og LÍV gera þá kröfu að allt félagsfólk eigi rétt til 30 orlofsdaga á orlofsárinu.

VR og LÍV krefjast þess jafnframt að orlofsréttur verði rýmkaður þannig að orlofsnýting sé allt að tvö ár í senn. Ef ekki verður við því komið að nýta orlofið innan þess tíma, verði ónýtt orlof gert upp við starfsfólk áður en nýtt tímabil hefst.

VR og LÍV gera einnig þá kröfu að starfsfólk ávinni sér orlofslaun í lögbundnu fæðingarorlofi.

Stytting vinnuvikunnar

Vinnutími á Íslandi er einna lengstur af þeim löndum sem við berum okkur saman við og má sjá afleiðingarnar í fjölgun launafólks síðustu ár sem sækir þjónustu til sjúkrasjóða stéttarfélaganna.

VR og LÍV lögðu áherslu á styttingu vinnuvikunnar við gerð Lífskjarasamningsins árið 2019 og var sú stytting sem þá var samið um fyrsta skrefið í vegferð félagsins að umtalsvert styttri og fjölskylduvænni vinnuviku. Styttingin tókst vel til og var almenn ánægja með hana meðal félagsfólks. VR og LÍV telja mikilvægt að fyrirtæki nýti tækifæri sem skapast í kjölfar hagræðingar sem sjálfvirknivæðing og tækniframfarir stuðla að til þess að stytta enn frekar vinnuviku starfsfólks.

VR og LÍV gera þá kröfu að vinnuvikan verði stytt í fjóra daga, eða sem svarar til 32 stundum á viku, á samningstímanum, án skerðingar á launum. Í samræmi við þetta telja VR og LÍV mikilvægt að lög nr. 88 frá 1971, um 40 stunda vinnuviku, verði endurskoðuð í takt við þær kröfur sem samtök launafólks gera nú um styttri vinnutíma.

Uppsagnarréttur

Tryggja þarf starfsfólki sem hefur langan starfsaldur hjá sama atvinnurekanda lengri uppsagnarfrest, óháð lífaldri. Réttur þessi komi til viðbótar þeim rétti sem nú þegar er í kjarasamningi.

VR og LÍV gera þá kröfu að uppsagnarfrestur verði sem hér segir:

- Fjórir mánuðir eftir 10 ár í starfi hjá sama atvinnurekanda.
- Fimm mánuðir eftir 15 ár í starfi hjá sama atvinnurekanda.
- Sex mánuðir eftir 20 ár í starfi hjá sama atvinnurekanda.

Starfskraftur geti hins vegar sagt upp starfi sínu með þriggja mánaða fyrirvara.



13. JÚNÍ 2022

Kröfugerð kynnt Samtökum atvinnulífsins

23. JÚNÍ 2002

Kröfugerð kynnt Félagi atvinnurekenda

Fjarvinna

Covid-19 faraldurinn sýndi okkur mikilvægi sveigjanleika á vinnumarkaði og hvernig launafólk getur fljótt og vel brugðist við breyttum aðstæðum. Fjarvinna er orðin ómissandi hluti af vinnuumhverfi hjá mörgum og mikilvægt að bæta og tryggja betur stöðu launafólks í þeim aðstæðum.

VR og LÍV gera þá kröfu að rammisamningur á almennum vinnumarkaði um fjarvinnu verði tekinn til gagnsgerðar endurskoðunar með það í huga að tryggja betur réttindi fjarvinnustarfsfólks og ásættanlega vinnuaðstöðu, starfsfólki að kostnaðarlausu. Þá leggja VR og LÍV til að ákvæði um fjarvinnu verði sett í aðalkjarasamninga félagsins og atvinnurekenda.

VR og LÍV gera jafnframt þá kröfu að félagsfólk hafi frelsi til þess að vinna í fjarvinnu þegar aðstæður leyfa, sveigjanleikinn verði aukinn og tryggt að samþykki beggja aðila liggi fyrir.

Aukið lýðræði

Lýðræði er hornsteinninn íslensks samfélags og vilja VR og LÍV auka tækifæri starfsfólks á lýðræðislegri þátttöku á sínum vinnustað. VR og LÍV gera þá kröfu að Ísland feti í fótspor fjölda þjóða í Evrópu og komi á atvinnulýðræði þar sem starfsfólk hefur rétt til að kjósa fulltrúa sinn í stjórn fyrirtækisins sem það starfar hjá. VR og LÍV leggja til að farin verði sú leið sem Norðurlöndin hafa farið og starfsfólk fái rétt til að kjósa ákveðinn fjölda fulltrúa í stjórn fyrirtækisins í samræmi við stærð þess. VR og LÍV telja jafnframt mikilvægt að þessi réttur verði bundinn í lög.

Þá gera VR og LÍV kröfu um sjóðfélagalýðræði í lífeyrissjóðum þannig að sjóðfélagar geti kosið fulltrúa í stjórn síns sjóðs og þannig átt aðkomu að ákvarðanatöku um starfsemi og rekstur viðkomandi sjóðs. VR og LÍV leggja til að stéttarfélagin og atvinnurekendur komi sér saman um að helmingur stjórnar lífeyrissjóða verði kosinn í beinni kosningu af sjóðfélögum á samningstímanum. VR og LÍV gera einnig þá kröfu að vægi fulltrúaráðs/sjóðfélaga verði aukið þegar kemur að stærri ákvörðunum sjóðsins.

Sí- og endurmenntun

Auknar kröfur eru gerðar til starfsfólks um menntun og þekkingu, ekki síst vegna fjórðu iðnbyltingarinnar og þeirra viðamiklu og hröðu breytinga á störfum sem átt hafa sér stað undanfarin ár. VR og LÍV telja mikilvægt að atvinnurekendur líti á nám og fræðslu sem hluta af starfi og hvetji starfsfólk til þess að sækja sér þá fræðslu sem það þarf til að auka hæfni sína og taka virkan þátt í breytingum á vinnumarkaði.

Samkvæmt kjarasamningi hefur félagsfólk rétt til að verja fjórum stundum á ári til setu í starfstengdu námi eða námskeiðum án skerðingar á launum. VR og LÍV gera þá kröfu að félagsfólk geti varið að lágmarki einni vinnuviku á ári til setu í starfstengdu námi eða námskeiðum, án skerðingar á launum.

Fagnám í verslun og þjónustu

Fagnám í verslun og þjónustu er þróað í samvinnu aðila vinnumarkaðarins og hefur verið framkvæmt í farsælu samstarfi símenntunarmiðstöðva, fyrirtækja og framhaldsskóla um þriggja ára skeið. Námið byggir á hæfnikröfum sem gerðar eru til starfa verslunarfólks og býðst þátttakendum að fara í raunfærnimat þar sem kunnátta og hæfni er metin til framhaldsskólalæininga á móti kenndum áföngum. Auk þess fer hluti námsins fram á vinnustað í verklegum brautaráföngum.

VR og LÍV gera kröfu um að félagsfólk sem lýkur Fagnámi í verslun og þjónustu fái námið metið til launahækkunar þannig að laun hækki um 7% að lágmarki við lok hvers þriðjungs náms. Einnig gera VR og LÍV kröfu um að starfsfólk sem hefur þegar lokið náminu fyrir ráðningu fái hærri laun sem nemur þessari hækkun.

Aðrar kröfur

Áunnin réttindi

Áunnin réttindi félagsfólks færist óskert milli atvinnurekenda. Hér er um að ræða rétt félagsfólks vegna veikinda og orlofs sem það hefur áunnið sér á vinnumarkaði.

23. ÁGÚST 2022

Viðræðuáætlun við SA undirrituð

18. OKTÓBER 2022

Fyrsti samningafundur aðila

Heilsuefning / heilsuvernd

Atvinnurekendur auki stuðning sinn við heilsuefningu starfsfólks í forvarnarskyni, enda er slíkt beggja hagar.

Starfsfólk hefur skýlausan rétt á að atvinnurekandi virði mörk milli vinnu og frítíma. Settar verði skýrar reglur í kjarasamningi um að atvinnurekanda beri að virða skilgreindan vinnudag starfsfólks, óháð formi og staðsetningu vinnunnar.

Stórhátíð og aðrir skilgreindir frídagar

1. maí verði stórhátíðardagur.

Aðfangadagur og gamlársdagur verði stórhátíðardagar allan daginn, ekki bara frá kl. 12:00.

Staðfesting um greiðslu launa á skilgreindum frídögum í kjarasamningi verði sett inn í kjarasamninginn með skýrari hætti en nú er.

Starfsfólk sem þarf að ferðast á vegum atvinnurekanda á skilgreindum frídegi fái frí síðar, án skerðingar á launum.

Laun og framkvæmd launa

Uppgjörstímabil mánaðarlauna verði þannig að ekki standi eftir meira en ein vika ógreidd í hverjum almanaksmánuði.

Lágmarksvinnutími á virkum dögum verði 4 klst. eins og um helgar og aldrei verði greitt fyrir skemmri tíma, þó unnið sé skemur.

Atvinnurekendur tryggi að mótframlag þeirra í lífeyrissjóð skili sér í hækkun launa til starfsfólks 70 ára og eldra eða verði ráðstafað á annan þann hátt sem er í samræmi við vilja þess enda greiðir starfsfólk á þeim aldri ekki lengur iðgjald í lífeyrissjóð.

Ferðir til og frá vinnustað

Atvinnurekendur greiði ferðakostnað félagsfólks sem býr utan höfuðborgarsvæðisins þegar almenningssamgöngur eru ekki í boði.



Í sérkjarasamningi VR / LÍV og SA um gestamóttöku verði kostnaðurinn miðaður við ferðakostnaðarnefnd ríkisins skv. aðalkjarasamningi.

Trúnaðarmenn

Kjörtímabil trúnaðarmanna verði lengt úr tveimur árum í fjögur ár.

Leiðréttá skerðingu örorkubóta vegna aldurs

Skerðing örorkubóta vegna aldurs, skv. gr. 8.6.5. í kjarasamningi verði felld út.

Að öðru leyti er vísað til sameiginlegra krafna Alþýðusambands Íslands.

21. OKTÓBER 2022
Samstarf VR/LÍV og SGS kynnt

10. NÓVEMBER 2022
Kjaradeilu vísað til ríkissáttasemjara

KJARASAMNINGAVIÐRÆÐUR

VR og LÍV lögðu fram drög að viðræðuáætlun í júní 2022 vegna kjarasamningaviðræðna við Samtök atvinnulífsins sem síðan var undirrituð í ágúst 2022. Fyrstu samningafundur aðila var haldinn þann 18. október.

Þann 21. október var kynnt samstarf VR og LÍV annars vegar og Starfsgreinasamband Íslands hins vegar, að Eflingu stéttarfélagi undanskildu, í viðræðunum. Markmiðið var að gera sameiginlega atlögu að kjarasamningi með áherslu á kaupmáttaraukningu og efnahagslegan stöðugleika. Þann 14. nóvember ákváðu stéttarfélögin að vísa deilunni til ríkissáttasemjara þar sem samningur var ekki í sjónmáli og langt á milli aðila. Tíu dögum síðar, eða þann 24. nóvember, lýsti VR yfir árangursleysi viðræðna. Sú yfirlýsing kom í kjölfar ákvörðunar Seðlabanka Íslands að hækka vexti sem setti kjarasamningaviðræður í uppnám. Viðræðunefnd VR sá lítinn vilja hjá Samtökum atvinnulífsins að koma frekar til móts við kröfur félagsins og sá ekki tilgang í áframhaldandi viðræðum.

Samstarfi VR/LÍV og SGS lauk þegar SGS skrifaði undir kjarasamning við Samtök atvinnulífsins án aðkomu VR og LÍV í byrjun desember. Í kjölfarið tóku VR og LÍV höndum saman með samfloti iðn- og tæknifólks og tók það samstarf til tæplega 60 þúsund starfandi á almennum vinnumarkaði. Ríkur vilji var meðal aðila að vinna hratt saman að nýjum samningi.

Nýir kjarasamningar undirritaðir og samþykktir

Þann 12. desember 2022 var skrifað undir samning við Samtök atvinnulífsins, eftir erfiðar kjarasamningaviðræður.

Skrifað var undir samning við Félag atvinnurekenda á svipuðum nótum daginn eftir, 13. desember. Samningarnir voru kynntir á fjölmönnum fundi með félagsfólki þann 14. desember. Félagsfólki stóð til boða að koma á staðfund en einnig að fylgjast með í streymi sem vel á annað hundrað félaga gerðu. Rafræn atkvæðagreiðsla um báða kjarasamninga stóð yfir dagana 14. – 21. desember 2022.

Kjarasamningur VR og Samtaka atvinnulífsins var samþykktur með 81,91% atkvæða en já sögðu 7.808. Alls sögðu 1.504 nei eða 14,78% og 220 tóku ekki afstöðu eða 2,31%. Á kjörskrá voru 39.115 og greiddu 9.532 atkvæði. Kjörsókn var 24,37%

Kjarasamningur VR og Félags atvinnurekenda var samþykktur með 85,17% atkvæða en já sögðu 247. Alls sögðu 38 nei eða 13,10% og 5 tóku ekki afstöðu eða 1,72%. Á kjörskrá voru 939 og greiddu 290 atkvæði. Kjörsókn var 30,88%

Nýir kjarasamningar

Í kjarasamningi VR og Samtaka atvinnulífsins var samið um launahækkun í formi hlutfallshækkunar og hámarkskrónutöluhækkunar. Þann 1. nóvember 2022 tóku mánaðarlaun almennri hækkun um 6,75% að hámarki 66 þúsund krónur, en laun samkvæmt launatöxtum hækkuðu hlutfallslega meira.

Kjarasamningunum fylgir dagsett verkáætlun sem kveður á um viðræður um önnur atriði í kröfugerð en þau sem samningar taka til. Þá er einnig birt með samningi VR og SA yfirlýsing aðila um skipan sameiginlegs starfshóps



21. NÓVEMBER 2022

Fyrsti samningafundur hjá ríkissáttasemjara

24. NÓVEMBER 2022

VR lýsir yfir árangursleysi viðræðna

sem hefur það hlutverk að fylgjast með framvindu efnahagsmála, þróunar verðlags og undirliggjandi þátta, sjá neðar í þessum kafla. Jafnframt er kveðið á um að skipuð verði forsendunefnd.

Kjarasamningur VR og Félags atvinnurekenda er nánast samhljóða samningi VR og Samtaka atvinnulífsins. Þó er í kjarasamningi VR og Félags atvinnurekenda kveðið á um lágmarkslaun frá 1. nóvember 2022, kr. 442.101. Þar er jafnframt að finna bókun um tollamál, sjá neðar í þessum kafla.

Gildistími beggja aðalkjarasamninga félagsins er frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024. Hér verður fjallað um helstu atriði samninganna og er miðað við samning VR og SA, nema annað sé tekið fram.

Meginmarkmið

Kjarasamningurinn er framlenging á Lífskjarasamningi aðila sem gildi frá 2019-2022. Að mati samningsaðila styður samningurinn við kaupmátt launa auk þess að veita heimilum og fyrirtækjum fyrirsjáanleika á miklum óvissutímum. Samningurinn geti þannig byggt undir stöðugleika og skapað forsendur fyrir langtímasamningi.

Almenn launahækkun

Launahækkun samningsins er í formi hlutfallshækkunar og hámarkskrónutöluhækkunar. Þann 1. nóvember 2022 tóku mánaðarlaun almennri hækkun um 6,75%, þó að hámarki kr. 66.000.

Kauptaxtar

Í stað áðurgildandi launataxta komu nýir sem eru hluti samningsins. Launataxtar gilda frá 1. nóvember 2022. Hlutfallsleg hækkun launataxta er allt að 13%. Í fylgiskjali með samningnum eru launatöflur og má sjá þær á vr.is.

Kjaratengdir liðir

Kjaratengdir liðir kjarasamnings hækkðu um 5% frá 1. nóvember 2022, nema um annað hafi verið samið.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt ár er kr. 103.000 á árinu 2023.

Orlofsuppbót fyrir orlofsárið 1. maí til 30. apríl miðað við fullt starf er kr. 56.000 á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023.

Hagvaxtarauki 2023

Með hækkun 1. nóvember 2022 var hagvaxtarauka skv. kjarasamningi aðila, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023, flýtt og að fullu efndur. Jafnframt var samkomulag um að með þessari hækkun og flýtingu komi ekki til frekari endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019-2022.

Sameiginleg yfirlýsing Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR-LÍV auk félaga iðnaðarmanna hins vegar

Samningsaðilar skipa sameiginlegan starfshóp sem hefur það hlutverk að fylgjast með framvindu efnahagsmála, þróunar verðlags og undirliggjandi þátta. Starfshópurinn skal skipaður tveimur fulltrúum tilnefndum af SA og tveimur fulltrúum sameiginlega af samninganefndum



12. DESEMBER 2022

Kjarasamningur við SA undirritaður

3. DESEMBER 2022

Samstarf VR/LÍV og samflots iðnaðarmanna kynnt

Þeirra stéttarfélaganna sem aðild eiga að þessari yfirlýsingu. Starfshópurinn mun funda mánaðarlega auk þess að funda ársfjórðungslega með fulltrúum Seðlabanka Íslands, fjármála- og efnahagsráðuneytis, Hagstofu Íslands auk innviðaráðuneytisins vegna húsnæðismála. Jafnframt er hlutverk hópsins að stuðla að betri upplýsingagjöf til neytenda til að auka samkeppni. Á fundum hópsins verður farið með ítarlegum hætti yfir þróun verðlags á tímabilinu og mat aðila á þróun næstu missera.

Samningsaðilar hafa við samningagerð horft til spár Seðlabanka Íslands um verðbólguþróun og aðrar hagstærðir. Verði þróun verðbólgu með þeim hætti að teljast verður líklegt að forsendur sem liggja að baki kjarasamningum gangi ekki eftir mun starfshópurinn greina nánar orsakir neikvæðrar þróunar og getur óskað eftir skýringum á breytingum á t.a.m. ákveðnum vöruflokkum, þróun eldsneytisverðs og gjaldskrá bankanna. Verði óútskýrð frávik frá viðmiðum getur starfshópurinn sent frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem beint er tilmælum til einstakra markaða að gæta þurfi að verðhækkunum, auk þess að óska eftir viðbrögðum frá hinu opinbera krefjast aðstæður þess.

Þá skipa aðilar sérstaka forsendunefnd sem skipuð er fjórum fulltrúum og er skipuð með sama hætti og kveðið er á um í 1. mgr. Verði þróun efnahagsmála með þeim hætti að forsendunefnd meti að forsendur um þróun verðlags hafi brostið verður kallað til sérstaks fundar þar sem rædd verða viðbrögð aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda.

Bókun um tollamál í kjarasamningi VR og LÍV annars vegar og Félags atvinnurekenda hins vegar

Aðilar sammælast um að óska eftir því við stjórnvöld að farið verði í vinnu við að afnema og lækka tolla í þágu neytenda. Lækkun tolla er ein skilvirkasta leiðin til að bæta hag launafólks. Að mati samningsaðila væri góð byrjun að afnema tolla sem vernda enga hefðbundna innlenda landbúnaðarframleiðslu.

FRÆÐSLA OG AUGLÝSINGAR Í TENGLUM VIÐ KJARASAMNINGA 2022

VR birti auglýsingar í sjónvarpi og á samfélagsmiðlum í aðdraganda kjarasamningaviðræðna og vöktu þær mikla athygli. Um var að ræða leiknar auglýsingar í anda æsifréttamennsku í sjónvarpi þar sem ýktir þáttastjórnendur fréttapáttarins „Ég bara spyr“ fara mikinn í umfjöllun sinni um kröfur launafólks í tengslum við kjarasamningagerð og er umfjöllun þeirra í engu samræmi við raunveruleika launafólks á vinnumarkaði. Markmiðið var að bregða ljósi á mikilvæg málefni kröfugerðar félagsins og þá orðræðu sem verkalyðshreyfingin hefur í gegnum tíðina þurft að sitja undir í aðdraganda kjarasamningaviðræðna. „Ég bara spyr“ hlaut tvær tilnefningar til íslensku auglýsingaverðlaunanna, Lúðursins, í flokki herferða og vef- og samfélagsmiðla.

AÐRIR KJARASAMNINGAR

Samtímis gerð aðalkjarasamninga gerði VR tvo sérkjarasamninga við SA fyrir hönd Ícelandair á Keflavíkurflugvelli. Annar samningurinn tók til starfsfólks hjá farþega- og hleðsluþjónustu flugfélagsins og hinn til starfsfólks hjá flugeldhúsi. Báðir kjarasamningar voru lagðir fyrir félagsfólk í rafrænni atkvæðagreiðslu dagana 16. – 21. desember. Þátttökuskilyrði atkvæðagreiðslunnar voru ekki uppfyllt og standa því umsamdir samningar.

Þá var gerður sérkjarasamningur milli VR og LÍV annars vegar og SA fyrir hönd innanlandsflugs Ícelandair hins vegar. Sá samningur tók til almenns skrifstofufólks og þeirra sem vinna vaktavinnu í farþegaafgreiðslu og þjónustu. Samningurinn var lagður fyrir í rafrænni atkvæðagreiðslu dagana 16. – 21. desember þar sem hann var samþykktur með 94,7% greiddra atkvæða eða 18. Einn tók ekki afstöðu eða 5,27%. Á kjörskrá voru 53 og kjörsókn því 35,85%.

Allir samningarnir þrír eru jafnframt hluti af aðal-kjarasamningi VR og Samtaka atvinnulífsins.

14. DESEMBER 2022

Kjarasamningarnir kynntir á félagsfundum

13. DESEMBER 2022

Kjarasamningur við FA undirritaður

21. DESEMBER 2022

Kjarasamningar VR samþykktir í atkvæðagreiðslu

ÞJÓNUSTA KJARAMÁLASVIÐS


Sérfræðingar kjaramálasviðs veittu 1.701 félaga aðstoð á skrifstofu félagsins í Reykjavík árið 2022 samanborið við 1.046 árið áður. Aukning milli ára er 63% sem rekja má að stærstum hluta til lokana á skrifstofu árið 2021 vegna Covid-19 faraldursins.

Sérfræðingar sviðsins stofnuðu 1.728 ný mál á árinu 2022 sem er 24% aukning frá fyrra ári en þá voru málin 1.390. Aukningin er rakin að stærstum hluta til Covid-19. Mál eru stofnuð ef sérfræðingar sviðsins telja ástæðu til eða þegar frekari aðstoð er enn talin þörf í kjölfar fyrstu heimsóknar/símtals. Ef frá eru talin skráð atvinnuleyfi fyrir erlent félagsfólk voru ný mál alls 1.425 samanborið við 1.113 á árinu 2021. VR veitti 303 umsagnir um atvinnuleyfi sem er aukning frá 2021. Auk þess veitti VR 89 umsagnir um atvinnuleyfi fyrir erlent félagsfólk á árinu sem ekki var með skráða íslenska kennitölu. Af umsögnum um heildar fjölda atvinnuleyfa á árinu voru 256 vegna nýrra leyfa en 136 vegna framlengingar á atvinnuleyfi. Umsögn stéttarfélags um atvinnuleyfi felur m.a. í sér að félagið gangi úr skugga um að laun séu ekki undir lágmarksákvæðum kjarasamninga.


Flest mála sem komu til kasta sérfræðinga sviðsins sneru að uppsögn eða starfslokum eða 376 talsins. Mál sem varða launaútreikninga og yfirferð launaseðla voru einnig fjölmörg, eða rúmlega 300. Mál sem varða samskipti á vinnustað, einelti og kynferðislega áreitni voru 57 á árinu 2022 sem er aukning frá fyrra ári en þá voru þau 42 talsins.

Alls bárust 6.558 tölvupóstar á pósthafn kjaramálasviðs á árinu 2022 sem er tæplega þriðjungsaukning frá árinu 2021. Þar af bárust 2.926 póstar frá pósthafni félagsins vr@vr.is.

FJÖLDI NÝRRÁ KJARAMÁLA



ATVINNULEYSI MEÐAL VR FÉLAGA Í NÓVEMBER ÁR HVERT



VR félagar með erlent ríkisfang voru um 14% af félagatali að meðaltali árið 2022. Þegar litið er til fjölda mála sem bárust inn á borð sérfræðinga félagsins, að undanskildum skráðum atvinnuleyfum, voru 37% þeirra tengd einstaklingum með erlent ríkisfang.

Á árinu 2022 fóru fulltrúar frá VR í heimsóknir til fyrirtækja og verslana þar sem sérstök áhersla var lögð á að kanna hvíldaraðstöðu starfsfólks sem og aðstöðu þeirra sem hafa eftirlit með sjálfsafgreiðslukössum. Þessar heimsóknir eru til viðbótar við hefðbundið vinnueftirlit (sjá umfjöllun um vinnueftirlit fyrir neðan).

Fjöldi mála í vinnslu og kröfur í þrotabú

Um áramótin 2022 - 2023 var VR með 176 mál í vinnslu, þar af voru 54 mál til vinnslu hjá lögmanni félagsins. Af þessum 176 málum var 21 eldra en 2022. Á árinu 2022 var 79 málum vísað til lögmans félagsins til úrlausnar.

VR innheimti alls 234 milljónir króna fyrir 232 VR félag á árinu 2022 sem er um 65% hærra upphæð en innheimt var árið áður. VR sótti kröfur fyrir alls 40 félag í þrotabú ellefu fyrirtækja á árinu 2022. Árið á undan voru fyrirtækin jafnmörg, eða 11 talsins, en þá voru sóttar kröfur fyrir 66 félag.

VINNUSTAÐAEFTIRLIT

Vinnustaðaeftirlit VR byggir á samkomulagi Alþýðu-sambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um vinnustaðaskirteini og eftirlit á vinnustöðum sem tók gildi árið 2010. Eftirlitið annast fulltrúar sem heimilt er að fara í heimsóknir á vinnustaði sem undir lögin falla til að ganga úr skugga um að atvinnurekandi og starfsfólk starfi í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kjarasamninga. Eftirlitsfulltrúar VR á árinu 2022 voru tveir, annar með starfsstöð á Selfossi en hinn í Reykjavík.

Skráningar á vegum VR í gagnagrunn eftirlitsins á árinu 2022 voru tæplega eitt þúsund á árinu. Það er talsverð fækkun frá því sem fyrst var en ferlinu hefur verið breytt nokkuð, með aukinni upplýsingagjöf til starfsfólks auk þess sem ítarlegar er spurt um kjör og aðstæður einstaklinga. Fjöldi skráninga er þó mun meiri en á árunum 2020 og 2021, en vegna Covid faraldursins lá vinnustaðaeftirliti að stórum hluta niðri.

VR hefur lagt aukna áherslu á að skoða hvernig rafrænu eftirliti er háttað í fyrirtækjum en fjöldi fyrirtækja fékk athugasemdir frá eftirlitsfulltrúum vegna notkunar á myndavélum í starfsmannarými og/eða myndavéla sem voru settar upp til að fylgjast með vinnu starfsfólks. Slík mál voru oftast leyst með samtölum við stjórnendur en í stökum tilfellum var Persónuvernd gert viðvart og óskað eftir að stofnunin gerði úttekt á eftirliti fyrirtækjanna með starfsfólki.

DÓMSMÁL

Á árinu 2022 fóru 56 mál til lögmans VR til frekari innheimtu, að gjaldþrotamálum undanskildum og fyrir utan mál sem lögmaður VR flutti fyrir Félagsdómi fyrir hönd félagsins. Sendar stefnur fyrir hönd félagsfólks VR árið 2022 voru alls 22. Aðstoð dómstóla þurfti í 9 málum sem enduðu

með dómi eða dómsátt. Hér að neðan er fjallað um þrjú áhugaverð mál sem fóru fyrir dóm.

Héraðsdómur

Undir lok árs 2022 féll í héraðsdómi dómur í máli þar sem staðfest var að atvinnurekanda bar að greiða orlof á greiddan bónus ásamt því að greiða vangoldin laun á uppsagnarfresti. Málið var byggt á lögum um orlof nr. 30/1987 og kjarasamningi VR og SA.

Félagi VR hóf störf hjá fyrirtækinu í apríl 2016 við almenn afgreiðslustörf. Starfsmanninum var sagt upp störfum í júní 2021 með þriggja mánaða uppsagnarfresti og var leystur undan vinnuskyldu á tímabilinu. Við uppgjör launa leitaði starfsmaðurinn til VR. Gerð var krafa um vangoldin laun og orlof á greiddar bónusgreiðslur. Ekki var tekið mið af meðaltal vinnutímafjölda við útborgun launa og félagi VR því ekki eins settur á uppsagnarfresti og hefði hann verið að vinna. Þá var ógreitt orlof á öllum greiddum bónusum.

Samkvæmt 1. gr. orlofslaga skal reikna orlof af heildarlaunum og falla bónusar þar undir. Atvinnurekandi hélt því hins vegar fram að orlof hafði verið innifalið í bónusgreiðslum og því ekki tiltekið á launaseðli. Þá hélt hann því fram að honum bæri að miða við vinnuplan frá árinu áður við útborgun launa. Atvinnurekandinn hélt því einnig fram að starfsmaðurinn hefði aldrei gert neinar athugasemdir og vildi því að málið yrði fellt niður sökum tómlætis.

Í niðurstöðu dómsins segir að ráða megi af vinnustundum starfsmannsins á árunum 2020 og 2021 að meðal vinnutímafjöldi hafi verið hærra en greitt var fyrir á uppsagnarfresti. Atvinnurekandinn hafi því farið á svig við þá meginreglu vinnuréttar að greiða óskert laun á





uppsagnarfresti. Jafnframt bendir dómurinn á að samkvæmt orlofslögum skal reikna orlof af heildarlaunum, hvort sem um er að ræða föst laun, laun vegna yfirvinnu eða aðrar álgasgreiðslur. Því var fallið á kröfur VR fyrir hönd síns félaga að það bæri að greiða orlof á fyrrgreindar bónusgreiðslur.

Landsréttur

Á sumarmánuðum 2022 staðfesti Landsréttur dóm héraðsdóms í máli þar sem greint var á um hvort hefði verið brotið gegn 30. gr. laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof. Fyrirtæki var gert að greiða bætur vegna ólögðrar uppsagnar á barnshafandi starfsmanni sem námu launum fram að fæðingu barns auk bóta sem námu þriggja mánaða launum í uppsagnarfresti.

Samkvæmt lögum er óheimilt að segja upp starfsmanni sem hyggst taka fæðingar- eða foreldraorlof nema með skriflegum rökstuðningi og gildar ástæður fyrir hendi.

Málavextir voru þannig að félagi VR hóf störf hjá umræddu fyrirtæki í apríl 2019. Skriflegur ráðningasamningur lá ekki fyrir en starfsmaðurinn á að hafa verið ráðinn í fullt starf til reynslu í þrjá mánuði. Í júní 2019 upplýsti félagi VR forsvarsfólki fyrirtækisins að hún væri þunguð. Síðar í þeim mánuði barst henni uppsagnarbréf sem var án rökstuðnings. Í bréfi þann 3. júlí 2019 frá VR til fyrirtækisins var uppsögninni mótmælt og í ágúst krafðist VR greiðslu launa fyrir hönd síns félaga. Þessar kröfur voru ítrekaðar þann 10. september 2019 en fyrirtækið hafnaði þeim með bréfi í október 2019.

Fyrirtækið byggði sýknakröfu sína á því að löglega hafi verið staðið að uppsögn starfsmannsins, því ekki hafi verið um fastráðningu að ræða heldur reynslutíma sem væri lokið. Fyrirtækið taldi einnig að ákvæði 30. gr. laganna ætti ekki við í þessu tilfelli, því það útilokaði ekki uppsögn af öðrum ástæðum. Þá hélt fyrirtækið því fram að skrifleg tilkynning um þungun hafi ekki borist frá starfsmanninum sem er skilyrði tökurétts til fæðingar- eða foreldraorlofs.

Í niðurstöðu hins áfrýjaða dóms er því hafnað að skriflega tilkynningu um þungun hafi skort. Bent er á að

starfsmaðurinn hafi upplýst um að hún væri þunguð. Jafnframt staðfesti dómurinn að enginn rökstuðningur fylgdi uppsögninni. Tilvísun fyrirtækisins í þriggja mánaða reynslutíma var ekki tekin sem gild ástæða uppsagnar þar sem enginn ráðningarsamningur lá fyrir í gögnum málsins sem gæti stutt þá yfirlýsingu. Upphafleg niðurstaða héraðsdóms var því látin standa.

Félagsdómur

Í nóvember 2022 tók Félagsdómur fyrir kröfur VR um að viðurkenna ólögðmæti uppsagnar á trúnaðarmanni VR hjá tilteknum félagasamtökum. Óheimilt er að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra eða láta þá gjalda þess á annan hátt. Eins skal trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni þegar atvinnurekandi þarf að fækka við sig starfsfólki. VR byggði málið bæði á 11. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur ásamt 13. kafla í kjarasamningi VR og SA um trúnaðarmenn.

Málavextir voru þannig að með bréfi á vormánuðum 2022 tilkynnti VR að nýr trúnaðarmaður hafi verið tilnefndur fyrir starfsfólk félagsins sem væri í VR stéttarfélagi. Skömmu seinna var nýr formaður félagsins kjörinn. Í kjölfar stjórnarfundar sem haldinn var þremur dögum síðar var tilkynnt um hópuppsögn alls starfsfólks á skrifstofu félagasamtakanna frá og með næstu mánaðarmótum. Vinnuframlag trúnaðarmanns VR á uppsagnarfresti var hafnað og hann hindraður í að rækta skyldur sínar sem trúnaðarmaður. VR hélt því fram að uppsögn á trúnaðarmanni félagsins hafi verið ólögðmæt þar sem hvorki rekstrarlegar forsendur né breyttar ytri aðstæður væru til staðar til að réttlæta uppsagnir allra starfsmanna.

Félagið hafnaði því að hafa meinað trúnaðarmanni VR að sinna skyldum sínum. Félagið taldi einnig að ákvæði 11. gr. laga mæli ekki fyrir um fortakslaut bann við því að segja upp trúnaðarmanni í öllum tilvikum og að engar kröfur séu gerðar um sérstakar ástæður þurfi að liggja til grundvallar hópuppsögnum.

Dómur í málinu var kveðinn í ársbyrjun 2023. Niðurstaða Félagsdóms var að trúnaðarmanni skal ekki sagt upp störfum við fækkun starfsfólks nema ríkar ástæður séu fyrir hendi. Trúnaðarmaður VR naut því verndar í starfi sem kveðið er á um í 11. gr. laganna. Að mati dómsins brutu félagasamtökin gegn ákvæðum 13.2. og 13.4. í kjarasamningi VR og SA með því að meina trúnaðarmanni aðgang að starfsstöð félagsins, og starfsaðstöðu trúnaðarmanns. Uppsögn félagsins á trúnaðarmanni VR hafi því verið ólögðmæt og braut gegn 11. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur.

Varðandi tekjur árið 2022 vísast til reikninga aftast í ársskýrslunni. Greiddar bætur sundurliðast þannig:

STYRKVEITINGAR ÚR SJÚKRASJÓÐI VR

	2022		2021	
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
Sjúkradagpeningar	1.425	1.921.777.630	1.187	1.509.580.988
Dánarbætur	140	57.056.639	131	56.059.678
Örorkubætur	19	37.355.850	14	36.762.900
Aðrir styrkir til sjóðfélaga	126	22.873.297	129	24.005.650
Bætur og styrkir til félagsfólks samtals*	1.710	2.039.063.416	1.442	1.626.409.216

* Fjöldi einstaklinga, ekki samtala bótaflokka.

SJÚKRADAGPENINGAR 2021 OG 2022

Greiðslur sjúkradagpeninga til félaga í VR hækkuðu á milli áranna 2021 og 2022. Þetta snýr við ákveðinni þróun en greiðslur sjúkradagpeninga höfðu áður lækkað tvö ár í röð. Á árinu 2022 voru greiðslur sjúkradagpeninga nánast þær sömu og áður en lækkunin hófst árið 2019 og eru því aftur komnar í svipað horf og þær voru fyrir heimsfaraldur Covid-19.

Greiðslur sjúkradagpeninga á árinu 2022 námu alls kr. 1.921.777.630 sem er um 27,3% hærri upphæð en árið 2021. Þessi hækkun er að miklu leyti skýrð af hækkun greiðslna vegna geðraskana og sjúkdómum tengdum kviðarholi og meltingarfærum. Þegar tekið er tillit til launaþróunar og fjölgunar í félaginu á milli ára nemur hækkunin hins vegar aðeins um 12,5%.

Stærsti einstaki sjúkdómaflokkurinn er sem fyrr geðraskanir með 36% af heildarupphæð sjúkradagpeninga árið 2022 sem er svipað hlutfall og 2021. Þar á eftir kemur stoðkerfisvandi með 17% af heildarupphæð sjúkradagpeninga árið 2022 sem er lækkun frá 20% hlutfalli árið 2021. Hlutfall sjúkradagpeninga sem greiddir voru vegna kviðarhols og meltingarfæra hækkaði um 5% á milli ára og var 13% af heildarupphæð ársins 2022.

Hlutfall sjúkradagpeninga af iðgjöldum sjóðsins var 75,9% árið 2022 og hafði hækkað um 6% á árinu. Þetta hlutfall hafði áður lækkað tvö ár í röð og náði hámarki árið 2019 og var þá 91,9%. Þá fjölgaði félögum VR sem fá greidda sjúkradagpeninga um 20% á milli ára og voru alls 1.425.

BREYTING Á REGLUGERÐ SJÚKRASJÓÐS VR

Á aðalfundi VR 28. mars 2022 var samþykkt tillaga um breytingu á reglugerð Sjúkrasjóðs VR sem fól í sér að


12. gr. um slysabætur var felld út í heild sinni. Greinin fjallaði um greiðslu slysabóta vegna varanlegrar örorku félagsfólks vegna slyss í frítíma. Í greinargerð með tillögunni var bent á að Sjúkrasjóður VR væri eini sjúkrasjóður stéttarfélags sem greiddi slíkar bætur, flestir sem fengju slysabætur væru þegar tryggðir. Með því að fella niður greiðslu slysabóta myndist svigrúm til að hækka aðrar bætur sjóðsins. Við niðurfellingu var miðað við slysdag. Reglugerð Sjúkrasjóðs VR er birt í heild sinni á vefsíðu félagsins, vr.is.

FRAMKVÆMDASTJÓRN SJÚKRASJÓÐS VR STARFSÁRIÐ 2021 – 2022

Þórir Hilmarsson sem gegnir formennsku, Arnþór Sigurðsson, Friðja Thoroddsen, Sigríður Lovísa Jónsdóttir og Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir.

Til vara: Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir.

SKIPTING SJÚKRADAGPENINGA EFTIR SJÚKDÓMAFLOKKUM 2022



Í árslok 2022 voru 85 orlofshús og -íbúðir í eigu VR. Félagið tók á leigu þrettán orlofshús og eitt hótélherbergi á árinu. Útleigunætur á árinu 2022 voru 20.491 samanborið við 20.339 árið 2021, en nýting húsa minnkaði úr 70,0% í 66,8% milli ára. Nýting orlofshúsanna yfir vetrarmánuðina hefur verið nokkuð góð, einkum þar sem eru heitir pottar.

UM ORLOFSHÚSIN

VR tók í notkun fjögur ný hús í Hálöndum við Akureyri á árinu en gengið var frá kaupnum á árinu 2021 í tilefni af stórafmæli félagsins það ár. Einnig var gengið frá kaupum á orlofshúsi í Hvalfirði sem er stærra en önnur orlofshús félagsins. Það hús mun geta hýst allt að 18 gesti eftir að búið er að bæta við viðbyggingu sem stefnt er að verði á vormánuðum 2023.

Í desember 2022 fraus vatn í nokkrum orlofshúsum félagsins sem olli skemmdum, m.a. í orlofshúsabyggð félagsins í Miðhúsaskógi. Á Einarstöðum urðu skemmdir á einu húsi vegna vatnsleka og músagangs. Í ljósi þessa þurfti að endurnýja innréttingar í einhverjum orlofshúsum félagsins og framkvæma minniháttar viðgerðir á öðrum.

AFSLÁTTARMIÐAR OG KORT, SAMSTARF VIÐ FERÐAÞJÓNUSTUAÐILA

VR bauð félagsfólki sínu afslátt í flug með Icelandair á árinu 2022 eins og undanfarin ár. Seld voru 9.450 gjafabréf á árinu samanborið við 3.550 bréf árið 2021 en sala bréfanna dróst verulega saman á árunum 2020 og 2021 vegna Covid-19 faraldursins.

VR selur einnig flugmiða innanlands með Flugfélaginu Erni og afsláttarmiða í pakkaferðir með Úrval Útsýn. Á árinu

2022 voru seldir 89 flugmiðar og 60 miðar í pakkaferðir. Þá selur VR félagsfólki sínu veiði- og útilegukort og voru 415 veiðikort seld og 290 útilegukort en sala þeirra var fjórðungi minni en árið á undan.

Sumarið 2022 bauð VR félagsfólki niðurgreiðslu á ferðavögnum og nýttu alls 25 einstaklingar það á árinu.

FRAMKVÆMDASTJÓRN ORLOFSSJÓÐS VR STARFSÁRIÐ 2021 – 2022

Harpa Sævarsdóttir sem gegnir formennsku, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir og Þórir Hilmarsson.

Til vara: Jón Steinar Brynjarsson og Benedikt Vilhjálmsson.



NÝTING ORLOFSHÚSA 2021 - 2022

	Fjöldi húsa	Fjöldi gistinguáttar 2022	Nýting 2022	Nýting 2021
Akureyri	19	4.670	71,7%	69,5%
Miðhúsaskógur	27	5.527	58,4%	64,1%
Einarstaðir	3	684	62,6%	79,1%
Húsafell	6	1.395	63,9%	69,2%
Flúðir	5	1.401	77,0%	78,0%
Reykjavík	3	922	84,4%	84,9%
Ölfusborgir	4	1.054	72,4%	76,9%
Fljótshlíð	2	445	61,1%	67,6%
Grímsnes	4	986	67,7%	75,1%
Svignaskarð	3	577	74,3%	46,2%
Önnur VR hús	8	1.685	61,0%	61,3%
Leiguhús (sumar)	13	1.145	86,1%	85,9%
	97	20.491	66,8%	70,0%

Á árinu 2022 voru greiddar rúmlega 685 milljónir króna í starfsmenntastyrki til félagsfólks VR úr starfsmenntasjóðum sem félagið er aðili að samanborið við rúmlega 704 milljónir króna árið áður. Lækkun varð á milli ára um 2,7%.

Umsóknir félagsfólks VR um styrk árið 2022 voru alls 9.686 en voru 9.906 árið áður. Á árinu 2022 fengu 634 félagar greiddan uppsafnaðan þriggja ára styrk en voru 714 árið 2021.

STARFSMENNTANEFND

Starfsmenntanefnd VR hefur verið starfrækt frá árinu 2013. Meðal verkefna hennar eru VR-Skóli lífsins, Stafræna hæfnihjólíð og aðkoma að heilsteypu námi sem byggir á hæfnigreiningu starfa og raunfærnimati. Aðgerðaráætlun byggð á Menntastefnu VR var uppfærð á árinu 2022. Helstu áherslupættir Starfsmenntanefndar VR á starfsárinu var áherslan á vitundarvakningu félagsfólks gagnvart eigin hæfni til framtíðar og kynning á þeim verkfærum sem nýtast í þeirri vegferð. Í upphafi starfsárs voru hæfniviðmið framtíðarinnar kynnt félagsfólki en þau viðmið eru gefin út af Alþjóðaeftirfaradaginu, World Economic Forum. Horft var sérstaklega til viðmiða 2025 og 2030 og voru þau þýdd yfir á íslensku og kynnt félagsfólki með skrifum í VR blöð 2022 og eru félagsfólki aðgengileg á starfsþróunarvef VR sem hýstur er á undirsíðu á vef VR. Þar má einnig finna margþætt verkfæri sem geta stutt við félagsfólk VR í vegferð sinni að aukinni hæfni á vinnumarkaði. Á árinu 2022 bættist til að mynda við leiðarvísir á starfsþróunarsíðuna sem snýr að upplýsingum varðandi mat á námi erlendis frá.

Starfsþróunarráðgjöf fyrir félagsfólk VR í samstarfi við náms- og starfsráðgjafa Mímis er skilgreint sem eitt af áhersluverkefnum starfsmenntanefndar VR starfsárið 2022. Á starfsárinu nýtti fjölbreyttur hópur félagsfólks VR sér þessa áhrifamiklu rafrænu þjónustu sér að kostnaðarlausu eða 27 einstaklingar. Samsetning hópsins vekur athygli þar sem einstaklingar án grunnmenntunar og af erlendu bergi brotinn voru áberandi til að byrja með og svo bættust háskólamenntaðir í hópinn og þar af karlar í auknu mæli. Helstu þættir starfsþróunarráðgjafarinnar eru að veita stuðning og upplýsingar um mögulegar leiðir til frekari starfsþróunar og aðstoða við uppfærslu á ferilskrá.

Stafræna hæfnihjólíð er öllum landsmönnum aðgengilegt á vef VR þar sem fólk getur tekið sjálfsmatsspróf og kortlagt þar með eigin stafrænu hæfni og rýnt í þá þætti sem lagt er til að leggja áherslu á miðað við niðurstöður sjálfsmatssprófsins. Prófið er hægt að taka á 10 tungumálum. Mörg þúsund landsmanna hafa tekið þetta sjálfsmatsspróf sér að kostnaðarlausu og á árinu 2022 bættust rúmlega

1200 við hópinn, eða um 23 einstaklingar á viku hverri, allt árið um kring.


ÞRÓUN NÁMS Í VERSLUN OG ÞJÓNUSTU

Fagnám verslunar og þjónustu hófst árið 2020 í samstarfi við VR, Verzlunarskóla Íslands, Samtök verslunar og þjónustu, Mími símenntun og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Námið er 90 eininga nám á framhaldsskólastigi og er blanda af fjarnámi hjá Verzlunarskóla Íslands og vinnustaðanámi sem fer fram úti í fyrirtækjunum. Vinnustaður gerist aðili að verkefninu með því að skilgreina sérhæft 15 eininga vinnustaðanám sem er lagað að viðkomandi vinnustað. Níu vinnustaðir eru samstarfsaðildar að Fagnáminu. Raunfærnimat er í boði fyrir umsækjendur sem búið er að samþykka til þátttöku í námið. Frá upphafi hafa 87 nemendur innritast í námið, 60 af þeim voru virkir í náminu í lok árs 2022 og 17 hafa útskrifast með fagbréf. Sumir nemendanna halda áfram og ljúka stúdentsprófi samhliða fagnáminu og hafa 5 lokið stúdentsprófi.

Stafræn viðskiptalína hjá Verzlunarskóla Íslands er námsbraut til stúdentsprófs þar sem nemendum gefst kostur á starfsnámi á lokaári sínu í samstarfi við fyrirtæki. Fyrsti árgangur fór af stað haustið 2020 og útskrifaðist vorið 2022 eða 25 nemendur. Einn bekkur er í gangi á hverju aldursári eða þrír í senn. Mikil ánægja er með Stafrænu viðskiptalínuna sem talin er góð viðbót við viðskiptabrautir innan Verzlunarskóla Íslands.

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun er samstarfsverkefni Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík með aðkomu fulltrúa Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Samtaka verslunar- og þjónustu. Námið er fyrsta fagháskólanámið sem þróað er á Íslandi. Diplómanámið hóf göngu sína 2018 og eru einingar tryggðar í áframhaldandi nám í viðskiptafræði til

FJÖLDI VR FÉLAGA SEM FÉKK FRÆÐSLUSTYRK



BS gráðu við Háskólann á Bifröst. 15 einstaklingar hafa lokið diplómanáminu frá upphafi og eru 27 nemendur virkir í náminu í dag. Háskólinn á Bifröst býður frá hausti 2022 upp á BS nám í viðskiptafræði með áherslu á verslunarstjórnun.

STAFRÆNI HÆFNIKLASINN

Stafræni hæfniklasinn tók til starfa í september 2021 en að honum standa VR, Samtök verslunar og þjónustu og Háskólinn í Reykjavík en stjórnvöld taka að auki þátt í fjármögnun klasans. Markmið Stafræna hæfniklasans er að auka vitundarvakningu á vinnumarkaði og hjá íslenskum fyrirtækjum um mikilvægi þess að huga að stafrænni umbreytingu. Á vettvangi klasans verða fyrirtæki hvött til að gefa stafrænum málum aukið rými í daglegu starfi auk þess að stuðla að eflingu stafrænnar hæfni og þjálfun starfsfólks svo það geti með öryggi og vilja tekið þátt. Vefur klasans, stafrænt.is, var opnaður í byrjun febrúar 2022 en hann á að vera fyrsta stopp þeirra sem vilja hefja sína stafrænu vegferð.

FRÆÐSLUSTJÓRI AÐ LÁNI

Á árinu 2022 bættust átta fyrirtæki í hóp fyrirtækja sem tekið hafa þátt í verkefninu Fræðslustjóri að láni. Fræðslustjóri að láni er samstarfsverkefni starfsmenntasjóða innan Samtaka atvinnulífsins / Félags atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands sem byggir á því að lána mannauðsráðgjafa, sérhæfðan í vinnustaðafraeðslu og óformlegri menntun, til fyrirtækja. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins og vinnur greiningu á fræðsluþörfum þess í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk. Afurð verkefnisins er fræðsluáætlun sem fyrirtækið fylgir eftir.

AUKIN HÆFNI OG ÞEKING STARFSFÓLKS Í VERSLUN OG ÞJÓNUSTU

VR/LÍV og SVP undirrituðu samstarfssamning í mars 2023 um sameiginlega markvissa vinnu að hæfniaukningu starfsfólks í verslun og þjónustu til ársins 2030. Með undirritun samningsins vilja VR/LÍV og SVP tryggja að menntun og hæfni starfsfólks sé í takt við þarfar vinnumarkaðarins hverju sinni og að það sé sameiginlegt viðfangsefni samningsaðila að stuðla að því.

STARFSGREINARÁÐ

Starfsgreinaráð eru vistuð undir hatti Menntamálastofnunar og eru hvert á sínu sviði, ráðherra til ráðgjafar um starfsnám á framhaldsskólastigi. Hlutverk þeirra er m.a. að gera tillögur um almenn markmið náms, skilgreina þarfar fyrir kunnáttu og hæfni og gera tillögur um lokamarkmið náms. Alþýðusamband Íslands tilnefnir fulltrúa í öll starfsgreinaráðin og á VR fulltrúa í tveimur þeirra.

Fimm rafrænir fundir voru haldnir í Starfsgreinaráði



matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreina 2022. Helstu verkefni ráðsins tengdust áframhaldandi þróun og vinnu við rafræna ferillbók og endurskoðun á hæfnikröfum þeirra greina sem falla undir ráðið. Starfsgreinaráðið hefur það hlutverk að tryggja að hæfnikröfurnar verði endurskoðaðar á þriggja ára fresti.

LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGUM STARFSMENNTASJÓÐS VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS OG STARFSMENNTASJÓÐS VERSLUNARINNAR

Tekjur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks árið 2022 voru 923,4 m.kr. og gjöld 882,6 m.kr. Eigið fé sjóðsins var 889,9 m.kr. í lok árs 2022. Tekjur Starfsmenntasjóðs verslunarinnar árið 2022 voru 27,8 m.kr. og gjöld 25,0 m.kr. Eigið fé sjóðsins var 194,5 m.kr króna í lok árs 2022.

STJÓRNIR STARFSMENNTASJÓÐA STARFSÁRIÐ 2021 - 2022

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Eiður Stefánsson (LÍV) sem gegnir formennsku, Húgrún Elvarsdóttir (SA), Ragna Vala Kjartansdóttir (SA), Sigurður Sigfússon (VR), Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir (VR) og Björg Ársælsdóttir (SA).

Varamenn: Gils Einarsson (LÍV), Jónas Yngvi Ásgrímsson (VR), Heiðrún Björk Gísladóttir (SA) og Maj-Britt Hjördís Briem (SA).

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunarinnar

Árni Leósson (VR) gegndi formennsku til desember 2022, Steinunn Böðvarsdóttir gegnir formennsku frá desember 2022, Bjarndís Lárusdóttir (FA), Selma Kristjánsdóttir (VR/LÍV) og Anna Kristín Kristjánsdóttir (FA).

VIRK starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun sem var stofnuð árið 2008 og byggir á samkomulagi í kjarasamningum um nýtt fyrirkomulag í starfsendurhæfingu. Árið 2012 bættust lífeyrissjóðir í hópinn og árið 2015 var samið um aðkomu ríkisvaldsins.


Um VIRK gilda lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012. Nú starfa 9 starfsendurhæfingarráðgjafar á vegum VIRK hjá VR og annast þeir þjónustu við félagsfólk sem veikist eða slasast þannig að vinnugeta þess skerðist. Markmiðið er að stuðla að því að hver einstaklingur verði svo virkur á vinnumarkaði sem vinnugeta hans leyfir.

HVATNING OG STUÐNINGUR


Ráðgjafar VIRK styðja og hvetja einstaklinga til aukinnar þátttöku á vinnumarkaði í samráði við teymi sérfræðinga og bjóða fjölda úrræða á borð við sjúkrabjálfun, sálfræðiviðtöl, sjálfsstyrkjandi námskeið, heilsurækt með faglegum stuðningi og starfsendurhæfingarsstöðvar. Þeir starfa í samstarfi við lækna, aðra fagaðila og stofnanir eftir þörfum.

Á árinu 2022 voru 426 einstaklingar nýskráðir hjá ráðgjöfum VIRK hjá VR og 336 voru útskrifaðir.

FRAMFÆRSLUSTAÐA FÉLAGSFÓLKS VR Í LOK ÞJÓNUSTU VIRK 2022



FJÖLDI VR FÉLAGA Í ÞJÓNUSTU HJÁ VIRK



ÁLYKTUN STJÓRNAR VEGNA KJARADEILU EFLINGAR OG SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

Stjórn VR samþykkti á fundi sínum þann 27. janúar 2023 ályktun þar sem gerðar voru athugasemdir við þá ákvörðun ríkissáttasemjara að leggja fram miðlunartillögu í deilu Eflingar stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins þegar atkvæðagreiðsla um boðun verkfallsaðgerða var hafin meðal félagsfólks stéttarfélagsins. Stjórnin skoraði á ríkissáttasemjara að draga tillöguna til baka.

STUÐNINGUR VIÐ FRAMBOÐ FORMANNS TIL FORSETA ASÍ

Stjórn VR, að formanni undanskildum, birti yfirlýsingu í fjölmiðlum í október 2022 þar sem lýst var fullum stuðningi við framboð Ragnars Þórs Ingólfssonar, formanns VR, til forseta Alþýðusambands Íslands. Fyrirhugaðar voru kosningar til forystu ASÍ á þingi þess þann 12. október en þinginu var frestað áður en til kosninga kom.

YFIRLÝSING STJÓRNAR VR VEGNA KRAFNA FRAMHALDSSKÓLANEMA

Á fundi sínum í október 2022 sendi stjórn VR frá sér yfirlýsingu í kjölfar ákvörðunar Menntaskólans við Hamrahlíð að innleiða aðgerðaráætlun í kynferðisbrotamálum en menntaskólanemar voru áberandi haustið 2022 í kröfum sínum gagnvart skólastjórnendum hvað varðar viðbrögð við tilkynningum um kynferðisbrot. Stjórnin fagnaði þessari ákvörðun skólans og hvatti alla skóla til að innleiða slíka aðgerðaráætlun.

YFIRLÝSING FRÁ STJÓRN VR UM HÓPUÐP-SAGNIR Á SKRIFSTOFU EFLINGAR

Á fundi sínum þann 14. apríl 2022 samþykkti stjórn VR yfirlýsingu þar sem lýst var yfir þungum áhyggjum af hópuppsögn á skrifstofu Eflingar stéttarfélags fyrr í þeim mánuði og harmaði stjórnin að gripið hafi verið til þessa

úrreðis. Félagið setti í forgang að aðstoða félagsfólk VR á skrifstofunni og bauð jafnframt fram aðstoð sína til annars starfsfólks Eflingar.

FUNDIR STARFSÁRIÐ 2022 – 2023

Stjórn VR fundaði alls átján sinnum á starfsárinu. Að auki var haldinn vinnufundur stjórnar snemma árs 2023.

Trúnaðarráð VR fundaði fjórum sinnum á starfsárinu.

Haldnir voru tveir **félagsfundir** á starfsárinu. Sá fyrri var í desember 2022 þar sem nýgerðir kjarasamningar voru kynntir. Sá síðari var í mars árið 2023 þegar frambjóðendur til formanns og stjórnar kynntu sig og áherslur sínar í aðdraganda atkvæðagreiðslu um forystu félagsins kjörtímabilið 2023 - 2025.

Aðalfundur var haldinn þann 28. mars 2022, í samræmi við 23. gr. laga félagsins sem kveður á um að fundinn skuli halda fyrir lok apríl ár hvert. Lýst var kjöri stjórnar og trúnaðarráðs, en ekki fór fram allsherjaratkvæðagreiðsla til trúnaðarstarfa þar sem ekki bauð sig fram tiltekinn fjöldi til setu í stjórn og varastjórn. Stjórn gerði tillögu um stjórnarmenn auk þeirra sem buðu sig fram. Sjá nánar í ársskýrslu VR starfsárið 2021 – 2022.

Ársfundur deildar VR á Austurlandi fyrir árið 2022 var haldinn 23. maí það ár. Kristín María Björnsdóttir var kosin formaður deildarinnar til tveggja ára, 2022 - 2024. Aðrir í stjórn eru Gunnar Heiðberg Gestsson og Ellen Rós Baldvinsdóttir, bæði kosin til setu í aðalstjórn til tveggja ára á ársfundi 2021. Til vara voru kosin til eins árs Stefán Bjarnar Guðmundsson og Magda Kinga Król-Wróblewska.

Ársfundur deildar VR á Suðurlandi fyrir árið 2022 var haldinn 30. maí það ár. Gils Einarsson gegnir formennsku í deildinni en hann var kosinn á ársfundi 2021 til tveggja ára. Anna Jónsdóttir var kosin í stjórn til tveggja ára, 2022 – 2024, en fyrir í stjórn sat Ásta Björk Ólafsdóttir, kosin til setu í aðalstjórn á ársfundi 2021 til tveggja ára. Til vara voru Haraldur Pálsson og Baldvin Nielsen, kosnir til tveggja ára, 2022 – 2024. Fyrir í varastjórn sat Jónas Yngvi Ásgrímsson, kosinn til ársins 2023.

Ársfundur deildar VR í Vestmannaeyjum var haldinn 9. júní það ár. Á fundinum var Þórhildur Ragna Karlsdóttir kosin formaður til tveggja ára, 2022 – 2024 en hún lét af embætti síðar á árinu. Til aðalstjórnar 2022 – 2024 var kosin Ragna Steina Snæfells og til vara Guðný Hrefna Einarsdóttir, einnig til tveggja ára. Fyrir í stjórn sat Jósef Róbertsson, kosinn til ársins 2023, og til vara Birgitta Karen Guðjónsdóttir og Jón Örvar van der Linden, bæði kosin til ársins 2023.



45. þing Alþýðusambands Íslands var sett þann 10. október 2022. Á þinginu átti 91 félagi VR seturétt en alls 101 frá öllum aðildarfélögum Landssambands ísl. verzlunarmanna, LÍV. Þinginu var frestað þann 12. október þar sem ekki náðist samkomulag um fyrirkomulag kosninga til trúnaðarstarfa. Ákvörðun um dagsetningu framhaldsþings sett í hendur miðstjórnar sambandsins sem tilkynnti snemma árs 2023 að framhaldsþing yrði haldið síðari hluta apríl 2023.

NEFNDIR OG STJÓRNIR

Í uppstillingarnefnd 2022 - 2024 sitja Ragnar Þór Ingólfsson sem jafnframt gegnir formennsku, Helga Bryndís Jónsdóttir, Magnús Þorsteinsson, Sigrún Guðmundsdóttir og Stefán Viðar Egilsson. Varamenn eru Ágústa Harðardóttir, Þórður Mar Sigurðsson, Benedikt Ragnarsson og Anna Þórðardóttir Bachmann. Skipan uppstillingarnefndar félagsins var samþykkt á fundi trúnaðarráðs VR þann 4. janúar 2022. Hlutverk uppstillingarnefndar er að velja frambjóðendur á framboðslista til trúnaðarráðs úr hópi þeirra sem gefa kost á sér í samræmi við auglýsingu nefndarinnar. Auglýst var þann 10. janúar 2023 og var framboðsfrestur til hádegis 20. janúar það sama ár. Uppstillingarnefnd VR samþykkti svo lista stjórnar og trúnaðarráðs á fjárfundi síðar þann sama dag og var hann lagður fyrir fjárfund trúnaðarráðs þann 24. janúar þar sem hann var samþykktur. Á listanum var 41 fulltrúi en helmingur trúnaðarráðs er í kjöri hvert ár.

Í launanefnd sitja Sigríður Lovísa Jónsdóttir sem gegnir formennsku, Bjarni Þór Sigurðsson og Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um kjör formanns og framkvæmdastjóra félagsins.

Í húsnaðisnefnd sitja Bjarni Þór Sigurðsson sem gegnir formennsku, Arnþór Sigurðsson, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson og Þorvarður Bergmann Kjartansson. Til vara eru Jón Steinar Brynjarsson og Þórir Hilmarsson. Húsnaðisnefnd ber að móta skýra og heildræna stefnu í húsnaðismálum með það að markmiði að bæta kjör félagsfólks.

Í laganefnd sitja Arnþór Sigurðsson, Helga Ingólfssdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir og Sigurður Sigfússon. Til vara er Friðrik Boði Ólafsson. Hlutverk laganefndar er að yfirfara og koma með tillögum til breytinga á lögum VR. Auk þess skal nefndin stilla upp tillögum sem verða mega til þess að bæta og skýra betur starfsemi félagsins.

Í framtíðarnefnd VR sitja Þorvarður Bergmann Kjartansson sem gegnir formennsku, Bjarni Þór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Jón Steinar Brynjarsson og Sigríður Hallgrímsdóttir. Til vara eru Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir og Þórir Hilmarsson. Hlutverk nefndarinnar er að

móta og/eða endurskoða stefnu félagsins og viðbrögð þess við breytingum í samfélaginu hverju sinni.

Í starfsmenntanefnd sitja Jónas Yngvi Ásgrímsson sem gegnir formennsku, Jón Steinar Brynjarsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Grétarsdóttir og Sigrún Guðmundsdóttir. Til vara er Sirrý Hallgrímsdóttir. Hlutverk starfsmenntanefndar VR er að móta skýra stefnu og verkferla félagsins í starfsmenntamálum með það að markmiði að efla framgang starfsmenntunar félagsfólks.

Í jafnréttis- og mannréttindanefnd sitja Fríða Thoroddsen sem gegnir formennsku, Friðrik Boði Ólafsson, Selma Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir og Þorvarður Bergmann Kjartansson. Til vara er Bjarni Þór Sigurðsson. Hlutverk nefndarinnar er að móta og/eða endurskoða stefnu félagsins á sviði jafnréttis og mannréttinda á vinnumarkaði til að styrkja stöðu félagsfólks, án allrar aðgreiningar.

Í kjaramálanefnd / nefnd um félagsaðild sitja Sigríður Lovísa Jónsdóttir sem gegnir formennsku, Arnþór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Jón Steinar Brynjarsson og Jónas Yngvi Ásgrímsson. Til vara er Bjarni Þór Sigurðsson. Hlutverk nefndarinnar er að móta kröfugerð félagsins í kjarasamningaviðræðum.

Í styrkjanefnd sitja Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir sem gegnir formennsku, Helga Ingólfssdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigurður Sigfússon og Þórir Hilmarsson. Til vara eru Bjarni Þór Sigurðsson og Friðrik Boði Ólafsson. Markmið með styrkveitingum VR er að styðja við þá starfsemi sem eflir félagsfólk, bæti stöðu þess og er lyftistöng menningarmála í landinu.

Í umhverfisnefnd VR sitja Friðrik Boði Ólafsson, Helga Ingólfssdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir og Þorvarður Bergmann Kjartansson. Til vara er Þórir Hilmarsson. Hlutverk nefndarinnar er að vinna markmið og aðgerðaáætlun í samræmi við umhverfisstefnu VR.

Í framkvæmdstjórn Vinnudeilusjóðs sitja Bjarni Þór Sigurðsson, Harpa Sævarsdóttir og Sigríður Lovísa Jónsdóttir. Til vara er Helga Ingólfssdóttir. Hlutverk sjóðsins er að veita félagsfólki VR, sem missir atvinnutekjur vegna vinnustöðvunar eða verkanna, fjárhagsaðstoð.

Í öldungaráði VR sitja Ragnar Þór Ingólfsson sem gegnir formennsku, Bjarni Dagur Jónsson, Bryndís Hagan Torfadóttir, Pálmey Helga Gísladóttir, Selma Björk Grétarsdóttir og Sigurður Sigfússon. Til vara eru Jón H. Karlsson og Kolbrún Stefánsdóttir. Öldungaráð er umræðu-

og samráðsvettvangur eldri félaga í VR. Þrjú eru tilnefnd í ráðið af stjórn VR, þar með talið formaður félagsins, og þrjú til viðbótar eru kosin af Öldungadeild félagsins auk tveggja til vara. Kjörtímabil fulltrúa í ráðinu er til tveggja ára í senn. Í Öldungadeildinni eru allir fullgildir félagar 65 ára og eldri. Kosið var til öldungaráðsins kjörtímabilið 2021 – 2023 á vormánuðum 2021.

Í uppstillinganefnd VR um val á stjórnarmönnum félagsins í Lífeyrissjóð verzlunarmanna 2022 – 2024 sitja Ragnar Þór Ingólfsson, Jón Steinar Brynjarsson, Harpa Sævarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir og Friðrik Boði Ólafsson. Til vara eru Selma Björk Grétarsdóttir og Jónas Yngvi Ásgrímsson. Stjórn félagsins skipar í uppstillinganefndina. Hlutverk nefndarinnar er að auglýsa eftir áhugasömum til stjórnarsetu í lífeyrissjóðnum fyrir hönd VR og starfa með fagfólki um valið.

Í fulltrúaráði VR fyrir Lífeyrissjóð verzlunarmanna sitja allir fimmtán í aðalstjórn félagsins auk tíu annarra sem kosin eru af trúnaðarráði. Hlutverk fulltrúaráðsins er m.a. að staðfesta tilnefningar til stjórnar lífeyrissjóðsins og hafa eftirlit og aðhald með störfum stjórnarinnar. Kosið var í fulltrúaráð á fundi trúnaðarráðs félagsins á fundi þann 16. maí 2022. Ellefu gáfu kost á sér. Kynjaskipting skal vera jöfn í fulltrúaráðinu og voru fimm karlar og fimm konur kjörin í ráðið. Þau eru: Árni Konráð Árnason, Björgvin Björgvinsson, Jóhann Már Sigurbjörnsson, Jónína Vilborg Sigmundsdóttir, Kristján

Gísli Stefánsson, Pálmey Gísladóttir, Sigríður Hallgrímsdóttir, Sigrún Lóa Sigurgeirsdóttir, Tómas Elí Guðmundsson og Þóra Skúladóttir Öfjörð.

Þá á stjórn félagsins sæti í ráðinu en þau eru, auk formanns félagsins Ragnars Þórs Ingólfssonar, Bjarni Þór Sigurðsson, Friða Thoroddsen, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Jón Steinar Brynjarsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson og Þórir Hilmarsson.

Í kjörstjórn VR sitja Magnús Norðdahl frá Alpýðusambandi Íslands sem gegnir formennsku, Stefán Viðar Egilsson, sem tók við sæti Þórsteins Þórólfssonar snemma árs 2023, og Þóra Skúladóttir Öfjörð. Til vara er Silja Hlín Guðbjörnsdóttir. Varamaður Magnúsar er Halldór Oddsson. Hlutverk kjörstjórnar er að sjá um framkvæmd kosninga í félaginu samkvæmt reglugerð ASÍ. Stjórn VR samþykkti snemma árs 2023 að kjörtímabil fulltrúa félagsins í kjörstjórn væri tvö ár í stað eins árs eins og áður.

ERLEND SAMSKIPTI

Árlega er haldin ráðstefna stéttarféлага í verslun og þjónustu í höfuðborgum Norðurlanda en vegna Covid-19 faraldursins féll hún niður 2022. Ráðstefnan árið 2023 verður haldin í Reykjavík.





KJÖR VEGNA FRAMBOÐA TIL TRÚNAÐARSTARFA

Þann 25. janúar 2023 auglýsti kjörstjórn VR eftir áhugasömum til að starfa fyrir félagið kjörtímabilið 2023 – 2025. Auglýst var eftir framboðum til formanns, sjö sæta í aðalstjórn VR til tveggja ára og þriggja til vara til eins árs sem og listaframboðum fyrir 41 sæti í trúnaðarráð. Framboðsfrestur var til kl. 12:00 á hádegi 6. febrúar 2023.

Alls bárust tvö einstaklingsframboð til formanns og sextán einstaklingsframboð til stjórnar og úrskurðaði kjörstjórn öll löglega fram borin.

Atkvæðagreiðsla meðal kosningabærs félagsfólks VR stóð frá 8. mars til 12:00 að hádegi þann 15. mars. Atkvæðagreiðslan var rafræn. Atkvæðu greiddu 11.997 en á kjörskrá voru 39.206 VR félagar. Kosningaþátttaka var því 30,6% sem er mesta þátttaka í kosningum til forystu VR frá upphafi.

Atkvæðu til formanns féllu þannig að Ragnar Þór Ingólfsson hlaut 6.842 atkvæði eða 57,03% og Elva Hrönn Hjartardóttir hlaut 4.732 atkvæði eða 39,44%. Þau sem ekki tóku afstöðu voru 423 eða 3,53%.

Atkvæðu til stjórnar féllu þannig að Halla Gunnarsdóttir fékk 3.955 atkvæði eða 9,65% af greiddum atkvæðum, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir fékk 3.830 atkvæði eða 9,35%, Sigurður Sigfússon fékk 3.120 atkvæði eða 7,61%, Jennifer Schröder fékk 3.016 atkvæði eða 7,36%, Ólafur Reimar Gunnarsson fékk 2.570 atkvæði eða 6,27%, Vala Ólöf Kristinsdóttir fékk 2.526 atkvæði eða 6,17%, Kristjana Björg Jónsdóttir fékk 2.520 atkvæði eða 6,15%, Helga Ingólfssdóttir fékk 2.479 atkvæði eða 6,05%, Þórir Hilmarsson fékk 2.463 atkvæði eða 6,01%, Sigríður Hallgrímsdóttir fékk 2.064 atkvæði eða 5,04%, Ævar Þór Magnússon fékk 2.000 atkvæði eða 4,88%, Gabríel Benjamin fékk 1.791 atkvæði eða 4,37%, Þorsteinn Þórólfsson fékk 1.480 atkvæði eða 3,61%, Nökkvi Harðarson fékk 1.454 atkvæði eða 3,55%, Árni Konráð Árnason fékk 1.324 atkvæði eða 3,23% og Jóhanna Gunnarsdóttir fékk 1.289 atkvæði eða 3,15%. Þau sem ekki tóku afstöðu voru 3.091 eða 7,54%.

Til formanns VR fékk Ragnar Þór Ingólfsson kosningu til tveggja ára.

Til stjórnar VR fengu eftirtalin kosningu til tveggja ára skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR:

Halla Gunnarsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Jennifer Schröder, Þórir Hilmarsson, Vala Ólöf Kristinsdóttir.

Þrír varamenn í stjórn VR – til eins árs:

Ævar Þór Magnússon, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Gabríel Benjamin.

Ekkert mótframboð barst gegn lista stjórnar og trúnaðarráðs VR í listakosningu í trúnaðarráð félagsins og telst hann því löglega kjörinn. Listi yfir kjörna fulltrúa í trúnaðarráði er birtur á vef félagsins.

STJÓRNARHÆTTIR

Starfsemi VR byggir á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 og lögum VR sem birt eru á vefsíðunni vr.is sem og reglugerðum og starfsreglum um sjóði félagsins. Stjórn VR starfar samkvæmt starfsreglum sem ætlað er að tryggja að starfshættir hennar séu í samræmi við almenna góða stjórnarhætti. Stjórn og starfsfólk VR starfa að auki samkvæmt siðareglum samþykktum af stjórn sem m.a. miða að auknu gagnsæi, ábyrgð og heiðarleika í allri hagsmunagæslu félagsins fyrir sína félagar. Í þjónustu og starfsemi félagsins leggur VR áherslu á gildi félagsins sem eru framsækni, fagmennska og forysta. Starfsreglur og siðareglur stjórnar félagsins eru birtar á vef VR, vr.is, sem og allar reglugerðir sjóða.

STEFNUR VR

Stjórn VR hefur samþykkt stefnur sem varða rekstur og starfsemi félagsins og hagsmunagæslu þess. Allar stefnur VR eru birtar á vef félagsins, vr.is, og er hér eingöngu fjallað um stefnur sem ekki hefur verið skýrt frá áður í ársskýrslu félagsins eða breytingar á áður birtum stefnum.

Á fundi stjórnar í ágúst 2022 voru samþykktar breytingar á stefnu VR í styrkjamálum. Stefna félagsins er að veita árlega styrki félagasamtökum, sem vinna að verkefnum á sviði líknarmála og menningar- og fræðslumála. Stjórn VR samþykkti breytingu á skiptingu heildarupphæðar styrkja árlega þannig að 60% að jafnaði renni til líknarmála og 40% til menningar- og fræðslumála. Þá var jafnframt bætt í stefnuna að sé afgangur af því fjármagni sem ætlað er til styrkja við lok almanaksárs, hafi stjórn heimild til að hækka jólastyrk félagsins sem því nemur.

HEIMSMARKMIÐIN

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin eru 17 talsins og snerta mörg þeirra starfsemi og hagsmunabaráttu VR með beinum eða óbeinum hætti. Félagið leitast við að uppfylla markmiðin í sínum rekstri og þjónustu, en þau sem hér er fjallað um snerta baráttu félagsins með beinum hætti.



Engin fátækt

Verkalýðsfélög leggja sitt af mörkum í baráttunni gegn hungri með því að gæta að hagsmunum launafólks, ekki bara hvað snertir launamál og baráttuna fyrir hækkun lágmarkslauna heldur einnig því sem snýr að heilsu, endurhæfingu, atvinnuleysi, húsnæði, menntun o.fl.



Jafnrétti kynjanna

VR hefur verið í fararbroddi stéttarféлага á Íslandi í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Félagið hefur m.a. farið í herferðir og ýtti úr vör jafnlaunavottun um leið og jafnlaunastaðall var samþykktur hér á landi svo eitthvað sé nefnt.



Heilsa og vellíðan

Með öflugum sjúkrasjóði leggur VR sín lóð á vogarskálarnar hvað þetta markmiðvarðar aukfrumkvæðisvinnu um starfsendurhæfingu og aðkomu að stofnun og rekstri VIRK starfsendurhæfingarsjóðs. VR varasjóður veitir einnig styrki til heilsueflingar og fyrirbyggjandi þátta.



Góð atvinna og hagvöxtur

Þótt barátta stéttarféлага almennt beinist einkum að því að auka kaupmátt þeirra einstaklinga sem mynda félögin er ljóst að hagsmunir launafólks og atvinnurekenda haldast í hendur. Góð atvinna byggir að auki á stöðugri réttindabaráttu stéttarféлага.



Menntun fyrir alla

VR leggur mikla áherslu á mikilvægi menntunar síns félagsfólks, bæði með rekstri öflugra starfsmenntasjóða og VR varasjóðs en einnig með því að vinna að nýjum námsleiðum fyrir launafólk, símenntun, raunfærnimati og öðrum þáttum sem styrkja stöðu félagsfólks.



Aukinn jöfnuður

VR hefur verið óþreypandi í baráttu fyrir hækkun lægstu launa félagsfólks síns og þar með auknum jöfnuði hér innanlands. Kjarabaráttu VR hefur því að miklu leyti snúist um að draga úr ójöfnuði á meðal launafólks á vinnumarkaði.

STARFSEMI ÞJÓNUSTUVERS 2022

Fulltrúar þjónustuveis VR svara fyrirspurnum um alla helstu þjónustu félagsins, svo sem varasjóð, starfsmenntasjóðina, Sjúkrasjóð VR, orlofshús og kjaramál. Heildarfjöldi afgreiðslna í þjónustuveri VR í Reykjavík á árinu 2022 var 4.692 sem er meira en þriðjung aukning frá árinu 2021.

Heildarfjöldi símtala til félagsins á árinu 2022 var 37.571 sem er tæplega 9% fækkun frá árinu á undan þegar heildarfjöldinn var 41.150. Símtölum hefur fækkað jafnt og þétt á undanförunum árum í takt við aukna notkun á vefsvæði VR. Alls bárust 13.638 fyrirspurnir á netfangið vr@vr.is á árinu 2022 en árið 2021 voru þær hátt í 15 þúsund. Hafa verður í huga að á netfang kjaramálasviðs félagsins bárust

rúmeiga 6.500 fyrirspurnir árið 2022. Heildarfjöldi tölvupósta til VR árið 2022 var því 20.196. Þjónustuver VR er starfrækt á skrifstofum félagsins í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Reykjanesbæ, á Akranesi, Egilsstöðum og Selfossi.

VR VARASJÓÐUR

VR varasjóður var stofnaður árið 2006 með það að markmiði að veita félögum í VR meiri sveigjanleika í að nota inneign sína í sjóðum félagsins og einfalda aðkomu að henni. Yfirleitt er lagt inn í sjóðinn eftir aðalfund ár hvert, sem allajafna er haldinn í mars. Framlag í sjóðinn var samþykkt á aðalfundi þann 28. mars 2022, samtals 805 m.kr. fyrir árið 2021, og lagt inn í hann að fundinum loknum. VR varasjóður er myndaður með fjármunum úr Sjúkrasjóði VR og Orlofssjóði.

Heildargreiðslur úr sjóðnum árið 2022 námu alls 726.905.111 kr. og fengu 16.508 einstaklingar greitt úr sjóðnum. Langstærstur hluti fór til forvarna eða rúmlega 291 m.kr. eða sem nemur 40% af heildargreiðslum úr sjóðnum á árinu. Árið 2021 námu greiðslur úr sjóðnum 710.051.014 kr. til 16.226 einstaklinga.

Alls áttu um 58 þúsund einstaklingar réttindi í VR varasjóði í lok árs 2021 og nam heildarupphæðin 2,1 ma.kr.

FÉLAGSMÁL

Félagsgjald

Á aðalfundi VR þann 28. mars 2022 var samþykkt tillaga stjórnar um óbreytt félagsgjald, 0,7% af heildarlaunum. Lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skal þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum afgreiðslufólks frá og með sama tíma.

Þá var einnig samþykkt að 0,65% félagsgjalds renni í félagssjóð en 0,05% í Vinnudeilusjóð.

Laun stjórnarmanna

Á aðalfundi VR þann 28. mars 2022 var samþykkt tillaga um að hækka stjórnarlaun úr 53.484 kr. á mánuði í 54.789 kr. á mánuði. Hækkunin byggir á samþykkt aðalfundar 2016 um að laun stjórnarfólks hækki / lækki í takt við launavísitölu félagsins. Um er að ræða 2,4% hækkun. Í tillögunni var jafnframt lagt til að þau sem gegna formennsku í framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs og Orlofstjórn sem og varaformaður stjórnar VR fái 1,5 stjórnarlaun, eins og verið hefur. Jafnframt var lagt til að stjórnarmenn og varastjórnarmenn fái 5.494 kr. fyrir hvern setinn fund í nefndum VR. Þá var í tillögunni lagt til að VR greiði ferðakostnað til Reykjavíkur vegna stjórnarmanna VR sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins.

Laun skoðunarmanna

Á aðalfundi 28.mars 2022 var samþykkt tillaga um að greiða félagslega kjörnum skoðunarmönnum kr. 54.789 á ári sem svarar til launum stjórnarmanns í einn mánuði.

VR byggir leiguíbúðir fyrir félagsfólk

VR stofnaði á starfsárinu VR Blæ ehf. og VR Blæ leigufélag slhf. til að annast uppbyggingu á lóð félagsins í Úlfarsárdal. Í byrjun árs 2023 skrifaði VR svo undir samstarfssamning við Íslenska aðalverktaka um þróun og byggingu leiguíbúða á lóðinni. Byggðar verða 36 íbúðir í tveimur fjölbýlishúsum og verða þær leigðar til félagsfólks VR. Stefnt er að því að búið verði að afhenda allar íbúðir eigi síðar en sumarið 2025.

Notast verður við sama fyrirkomulag og Bjarg leigufélag hefur notað með góðum árangri við uppbyggingu á leiguhúsnæði.

VR styrkir Píeta samtökin

Stjórn VR samþykkti á fundi sínum í janúar 2023 að styrkja Píeta samtökin um 6 m.kr. vegna rannsóknar á sjálfsvígum á Íslandi. Rannsókninni er ætlað að vera lóð á vogarskálar aukinnar þekkingar á þessu sviði hér á landi.

VR styrkir Gráa herinn

Stjórn VR samþykkti á fundi sínum í desember 2022 að styrkja Gráa herinn um 2 m.kr. vegna ákvörðunar hans um að leita til Mannréttindadómstóls Evrópu. Ákvörðunin var tekin í kjölfar þess að Hæstiréttur hafnaði kröfu um að viðurkennt yrði fyrir dómi að Tryggingastofnun hafi verið óheimilt að skerða ellilífeyris- og heimilisuppbót áfrýjenda vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum á tilteknu tímabili.

Mannfagnaðir

Um 600 eldri VR félagar sátu árlegt kaffisamsæti á uppstigningardegi 2022 en löng hefð er fyrir því að félagið heiðri eldri VR féлага sína á þessum degi.

VR bauð einnig til kaffisamsætis að lokinni kröfugöngu og útifundi í Reykjavík 1. maí Alls þáðu um 1.000 manns veitingar í Laugardalshöll að þessu sinni. VR skipulagði fjölskylduhlaup á Klambatúni í Reykjavík í tilefni af 1. maí og var það vel sótt. Einnig tók VR þátt í hátíðarhöldum á félagssvæði VR utan höfuðborgarsvæðisins.

VR stóð fyrir jólaballi fyrir félagsfólks í desember 2022. Alls sóttu um 500 VR félagar og börn þeirra jólaballið.

Styrkveitingar 2022

VR veitti styrki að upphæð 10,7 m.kr. árið 2022 til ýmissa líknarsamtaka og stofnana. Þar af samþykkti stjórn að styrkja hjálparsamtök sem úthluta styrkjum til einstaklinga og fjölskyldna um 5,6 m.kr. jóln 2022.

RANNSÓKNIR OG KANNANIR

Fyrirtæki ársins 2022

Fyrirtæki ársins 2022, samkvæmt niðurstöðum árlegrar könnunar VR, voru annað árið í röð einu fleiri en allajafna þar sem ekki var hægt að gera upp á milli tveggja fyrirtækja í hópi þeirra efstu í flokki meðalstórra fyrirtækja. Sigurvegararnir í hópi stórra fyrirtækja með 70 eða fleiri starfandi voru LS Retail, Miðlun, Nova, Opin kerfi og Sjóvá. Í hópi millistórra fyrirtækja þar sem starfsfólk er frá 30 til 69 talsins eru vinningsfyrirtækin Expectus, Hringdu, Íslandsstofa, Reykjavell, Tengi og Toyota. Í hópi lítilla fyrirtækja þar sem starfsfólk er færri en 30 eru vinningsfyrirtækin Farmers Market, Íslensk getsþá, M7, Rekstrarfélag Kringlunnar og Reon. Könnunin var gerð í febrúar og mars 2022 og voru niðurstöður birtar um miðjan maí. Í endanlegu úrtaki voru rúmlega 35 þúsund einstaklingar, bæði félagsfólk VR og starfsfólk á almennum vinnumarkaði utan félagsins, og var svarhlutfall tæplega 32%.

Launarannsókn 2022

Á **Mínum síðum** á vef VR er launareiknivél þar sem félagsfólk getur séð samanburð eigin launa við aðra í sambærilegu starfi. Frá árinu 2019 hefur VR birt niðurstöður þessarar reiknivélar á opnum vef tvisvar á ári, fyrir laun í febrúar og september. Launareiknivélin hefur tekið við af launakönnun VR en félagið stóð fyrir könnun á launakjörum í félaginu árlega í tvo áratugi eða til ársins 2018.

Samkvæmt niðurstöðum **launarannsóknar** var miðgildi heildarlauna félaga í VR 725 þúsund krónur í september 2022. Miðgildi grunnlauna var 716 þúsund. Til samanburðar var miðgildi heildarlauna 675 þúsund krónur í september 2021 en miðgildi grunnlauna 671 þúsund. Miðgildi heildarlauna hækkar því um 7,4% á milli ára en miðgildi grunnlauna um 6,7%. Launarannsókn í september 2022 byggði á rúmlega 13 þúsund skráningum eða um þriðjungi VR félaga í mánuðinum.

ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL

VR **blaðið** kom út tvisvar á starfsárinu. Upplag var að meðaltali um 18 þúsund. Tekin var ákvörðun um að fækka tölublöðum í tvö frá og með árinu 2022 og leggja frekar áherslu á rafræna útgáfu efnis fyrir vef félagsins og samfélagsmiðla.

Öldungaráð VR stóð fyrir gerð og útsendingar sjónvarpsþáttar um húsnæðismál sem bar yfirskriftina „**Er ellinni úthýst?**“ sem frumsýndur var á Hringbraut í maí 2022. Í nóvember sama ár var haldinn kynningarfundur um stöðu húsnæðismála á vegum Öldungaráðs sem öllum félögum í Öldungadeild VR var boðið til, en í deildinni eru allir félagar VR 65 ára og eldri.

Herferð undir heitinu „**Þriðja vaktin**“ var hleypt af stökkunum í síðla árs 2021 en hún fjallaði um þá ábyrgð og álag sem fylgir því sem kallað er hugræn byrði eða þriðja vaktin. Í október 2022 tilkynnti ríkisstjórnin að ákveðið hafi verið að hefja undirbúning að rannsókn á ólaunuðum heimilis- og umönnunarstörfum, sem hafa stundum verið nefnd önnur og þriðja vaktin. Þá voru menningarviðurkenningar RÚV fyrir árið 2022 veittar í upphafi árs 2023 og var þar tilkynnt að þriðja vaktin væri orð ársins 2022. VR er stolt af því að hafa lagt sín lóð á vogarskálarnar við að stuðla að vitundarvakningu um þriðju vaktina enda hefur hún mikil áhrif á stöðu kvenna á vinnumarkaði, starfsval þeirra og atvinnubátttöku.

Í ágúst 2022 hófst auglýsingaherferð VR undir heitinu „**Ég bara spyr**“ en henni var ætlað að varpa ljósi á mikilvæg málefni í kröfugerð félagsins í aðdraganda nýrra kjarasamninga sem undirritaðir voru í desember það sama ár. Sjá nánari umfjöllun á bls. 14.

VR stóð fyrir **hádegisverðarfundum** um styttingu vinnuvikunnar í nóvember 2022. Fundurinn var vel sóttur og fluttu þar bæði innlendir og erlendir sérfræðingar áhugaverð erindi um margt sem snýr að styttingu vinnuvikunnar.

Krafan um styttingu vinnutímans er mjög skýr frá félagsfólki VR eins og kom fram í könnun sem gerð var í aðdraganda síðustu kjarasamninga.

Notendur vefsíðu félagsins, **vr.is**, voru að meðaltali tæplega 33 þúsund á mánuði á starfsárinu m.v. talningu Google analytics vefmælingarkerfisins, sem er svipaður fjöldi og á síðasta ári.

FYRIRLESTRAR, NÁMSKEIÐ OG FRÆÐSLA

VR bauð upp á **9 rafræna hádegisfyrirlestra** á starfsárinu sem **1.178** félagar sóttu. Allir hádegisfyrirlestrar eru sendir út í streymi á fyrir fram auglýstum tíma og eru með enskum texta. Fyrirlestrarinnir eru opnir öllum út útsendingardaginn á **www.vr.is/streymi** en eftir það fara þeir inn á Mínan síður og eru þar aðgengilegir félagsfólki í tiltekinn tíma undir „Viðburðir“.

Haldin voru **4 námskeið** á starfsárinu og sóttu þau alls **134** félagar. Engin námskeið voru haldin vorið 2022 þar sem meiri áhersla var lögð á rafræna hádegisfyrirlestra þá önn. Haustið 2022 hófst námskeiðshald aftur og þá með svokölluðu blönduðu (e.hybrid) fyrirkomulagi en þá er hægt að velja á milli þess að mæta á staðinn eða taka þátt rafrænt í gegnum Teams. Salur VR á 0.hæð var uppfærður til að auðvelda þetta fyrirkomulag og skapa betri tilfinningu fyrir því að allir væru saman á námskeiði, hvort sem þau væru á staðnum eða með rafrænt. Fyrirkomulagið hefur mælst vel fyrir og skipting á milli þess hvort félagar velji að koma á staðinn eða vera með rafrænt skiptast næstum jafnt.

Skattframtalsaðstoðin var einnig á sínum stað en hún er í boði tvo daga í mars hvert ár. Hún var alfarið rafræn árið 2022 en vorið 2023 var hún í boði á staðnum hjá VR annan daginn en hinn á Teams. Rúmlega 80 félagar nýttu sér aðstoðina.

Haldin voru **7 námskeið fyrir trúnaðarmenn** og sóttu þau **108** trúnaðarmenn. Heimtur á trúnaðarmannanámskeið eftir Covid hafa tekið hægt við sér en það sést stígandi í skráningu með hverri önn. Haustið 2022 var boðið upp á tvo hádegisverði með formanni fyrir þennan hóp og nýttu sér það **29** trúnaðarmenn. Vorið 2023 var svo farið að bjóða upp á sérstakar móttökur fyrir nýja trúnaðarmenn og hefur þeim verið vel tekið. Nýliðamóttökur verða framvegis haldnar einu sinni í mánuði en hingað til hafa **27** trúnaðarmenn sótt þær heim.

Kynningar fyrir nemendur

VR hefur í rúma tvo áratugi staðið fyrir kynningu á réttindum og skyldum á vinnumarkaði í efsta bekk grunnskóla og í framhaldsskólum á félagssvæðum sínum. Kynningin er orðin fastur liður í mörgum grunnskólum, mikil ánægja er með fræðsluna og hún talin mikilvæg fyrir þennan aldurshóp sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Á starfsárinu 2022-2023 voru haldnar 79 kynningar fyrir 3.402 nemendur í grunn- og framhaldsskólum. Það sem af er á skólaárinu hafa 62% grunnskóla á stórhöfuðborgarsvæðinu fengið kynningu. Á þessu starfsári hófust kynningar á Suðurnesjum. Grunnskólar á svæðinu hafa tekið vel í þjónustuna og 73% grunnskóla á því félagssvæði hafa fengið kynningu eða 8 skólar af 11.

VR-Skóli lífsins

VR-Skóli lífsins er netnám og hefur verið sérstaklega markaðssettur sem námsefni fyrir framhaldsskóla síðustu ár. Markmið VR-Skóla lífsins er að undirbúa ungt fólk á aldrinum 16 til 24 ára fyrir þátttöku á vinnumarkaði og kynna því réttindi og skyldur í starfi. VR-Skóli lífsins hefur verið starfræktur frá september 2014 og um miðjan mars 2023 höfðu 9.423 nemendur á framhaldsskólastigi lokið við netnámskeiðið. Starfsárið 2022 - 2023 fóru **12** framhaldsskólar og **1.578** nemendur í gegnum netnámið.

SKIPULAG SKRIFSTOFU VR

Skrifstofur VR eru í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Reykjanesbæ, á Akranesi, Selfossi og Egilsstöðum. Starfsemin skiptist í fimm svið sem eru fjármála- og rekstrarsvið, kjaramálasvið, mannauðssvið, þjónustusvið og þróunarsvið. Formaður ber ábyrgð á rekstri félagsins ásamt stjórn þess. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins.

VR fylgir skýrum stefnum um starfsemi skrifstofu félagsins. Í gæðahandbók félagsins eru m.a. birtar eftirfarandi stefnur sem varða störf starfsfólks, aðstöðu þeirra, réttindi, heilsu og öryggi og falla undir viðmið um samfélagsábyrgð (ESG, Environmental, Social, Governance): Starfsmannastefna, jafnréttisstefna skrifstofu, heilbrigðisstefna skrifstofu, innri upplýsingastefna, stefna um upplýsingaöryggi og stefna gegn einelti og kynferðislegri áreitni auk persónuverndaryfirlýsingar.

Engin vinnuslys voru skráð á skrifstofu félagsins á árinu 2022.

Verkefnastofa

Í kjölfar samþykktar tæknistefnu félagsins voru gerðar breytingar á skipulagi og sett á laggirnar verkefnastofa. Flest stærri verkefni félagsins eru nú unnin í teymisvinnu í samræmi við starfsfyrirkomulag verkefnastofu.

VR stækkar aðstöðu sína í Húsi verslunarinnar

VR hefur fest kaup á frekara skrifstofurými í Húsi verslunarinnar við Kringluna 7. Ráðist hefur verið í framkvæmdir á 9. hæð hússins þar sem VR hyggst koma sér upp fundarsal þar sem hægt verður að taka á móti félagsfólki með mun betra móti en áður. Stefnt er að því að taka fundarsalinn í notkun í apríl 2023.

Starfsfólk skrifstofu

Í byrjun mars 2023 var 71 starfandi hjá VR í tæplega 66 stöðugildum. Frá 1. mars 2022 til 28. febrúar 2023 hættu eftirtalin störfum hjá félaginu: Hildur Margrét Hjaltested á kjaramálasviði ásamt Júníu Þorkeldsdóttur, Málfríði Þorkeldsdóttur og Hermanní Vestra Guðmundssyni í

FÉLAGATAL

Ár	Konur	Karlar	Kynsegin	Samtals	Fullgild við áramót	Snertingar við félagið**
2011	16.804	12.036	-	28.840	24.319	38.152
2012	17.022	12.452	-	29.474	25.185	39.062
2013	17.072	12.709	-	29.781	25.760	39.278
2014	17.353	13.020	-	30.373	26.045	40.090
2015	17.672	13.430	-	31.102	26.573	41.368
2016	18.481	14.332	-	32.813	27.893	43.641
2017	19.250	15.981	-	35.231	29.977	46.866
2018	19.952	16.075	-	36.029	30.867	47.506
2019	20.700	16.675	-	37.375	32.320	48.326
2020	19.877	16.625	-	36.502	31.941	45.894
2021	19.866	17.015	-	36.880	31.666	47.233
2022	20.721	18.083	79	38.883	33.100	50.315

*Frá og með árinu 2022 heldur VR utan um fjölda kynsegin félagsfólks.

**Tölur yfir snertingar við félagið sýna fjölda einstaklinga sem greiðir félagsgjald a.m.k. einu sinni tiltekið ár.

vinnustaðaeftirliti og Árna Leóssyni á þróunarsviði, sem fóru á eftirlaun, Nathalía Druzin Halldórsdóttir á þjónustu- og mannauðssviði og Marta Jóhannesdóttir á fjármála- og rekstrarsviði. Á sama tímabili hófu eftirtalin störf: Hjörtur Gunnar Jóhannesson á þjónustusviði, Erling Rúnar Huldarsson og Heiða Jóna Hauksdóttir á fjármála- og rekstrarsviði, Aðalheiður Rán Prastardóttir og Sandra Björk Jóhannsdóttir á kjaramálasviði, Victor Karl Magnússon á skrifstofu framkvæmdastjóra og Kristlind Viktoría Sörensen á þróunarsviði. Nokkrir skiptu um starf á árinu: Snorri Elís Halldórsson tók við notendabjónustu, Sigrún Svava Gísladóttir er komin í kjaramál og Birgir Már Guðmundsson hefur tekið við þjónustu við trúnaðarmenn. Þá hefur Steinunn Böðvarsdóttir tekið við starfi forstöðumanns þróunarsviðs og Þórarinn Þórsson starfi forstöðumanns á nýju þjónustusviði.

Stefán Þórarinn Hermannsson og Óskar Már Óskarsson voru í sumarafleysingum og hlutastarfi samhliða námi. Sigurður Elías Halldórsson var í helgarvinnu í Miðhúsaskógi og Sólrun Ástvaldsdóttir í tilfallandi verkefnavinnu á fjármála- og rekstrarsviði.

Á haustmánuðum voru gerðar breytingar á skipuriti þar sem þjónustu- og mannauðssviði var skipt upp í tvö svið, þjónustusvið og mannauðssviðs. Samhliða var tilfærsla á verkefnum þar sem eignaumsýsla auk gæða- og skjalamála voru færð af fjármála- og rekstrarsviði yfir á mannauðssvið.

Fastráðið starfsfólk á skrifstofu
1. mars 2023

Formaður

Ragnar Þór Ingólfsson

Framkvæmdastjóri

Stefán Sveinbjörnsson

Fjármála- og rekstrarsvið

Oddur Gunnar Jónsson
Auður Búadóttir
Björn H. Björnsson
Emil Gústafsson
Erling Rúnar Huldarsson
Gísli Lúðvík Kjartansson
Heiða Jóna Hauksdóttir
Snorri Elís Halldórsson

Sonja Steinarsdóttir
Viktor E. Viktorsson

Kjaramálasvið

Bryndís Guðnadóttir
Aðalheiður Rán Prastardóttir
Birgir Már Guðmundsson
Bryndís Kjartansdóttir

Forstöðumaður
Bókhald
Upplýsingatækni
Umsjón orlofseigna
Umsjón í Miðhúsaskógi
Umsjón orlofseigna
Reikningshald
Notendabjónusta og rekstur tölvubúnaðar
Rekstur tölvukerfa
Upplýsingatækni

Forstöðumaður
Kjaramál
Trúnaðarmenn og kjaramál
Kjaramál

Gils Einarsson
Jakob Einarsson
Kolbrún Júlía Erlendsdóttir
Kristín María Björnsdóttir
Magdalena Júlía Mazur Tómasdóttir
Oddur Birnir Pétursson
Sandra Björk Jóhannsdóttir
Sigrún Svava Gísladóttir
Viktoría Jensdóttir
Þorsteinn S. Sveinsson

Vinnustaðaeftirlit
Kjaramál
Kjaramál
Kjaramál
Kjaramál
Kjaramál
Kjaramál
Kjaramál
Kjaramál
Kjaramál

Mannauðssvið

Herdís Rán Magnúsdóttir
Birgir Georgsson
Ingibjörg Hrunð Práinsdóttir
Malgorzata Maria Madej

Forstöðumaður
Eignaumsýsla
Gæða- og skjalamál
Mötuneyti

Þjónustusvið

Þórarinn Þórsson
Ásta Björk Ólafsdóttir
Ástríður Valbjörnsdóttir
Elín Matthildur Andrésdóttir
Erla Bryndís Ingadóttir
Erna Eyjólfsdóttir
Eymundur G. Hannesson
Heiða Björg Tómasdóttir
Hildur Guðjónsdóttir
Hjörtur Gunnar Jóhannesson
Katrín Magnúsdóttir
Katrín Sólveig Sigmarsdóttir
Ragna Steina Þorsteinsdóttir
Rannveig Rögnvaldsdóttir
Rósmarý Úlfarsdóttir
Salbjörg Björnsdóttir
Selma Ragnheiður Klemensdóttir
Sigrún Lína Sigurðardóttir
Sigrún Rós Elmers
Soffía Einarsdóttir
Sóley Garðarsdóttir
Þórgímur Guðmundsson
Þórunn Jónsdóttir

Forstöðumaður
Þjónustuver
Sjúkrasjóður
Starfsendurhæfing - VIRK
Þjónustuver
Þjónustuver
Starfsendurhæfing - VIRK
Starfsendurhæfing - VIRK
Starfsendurhæfing - VIRK
Þjónustuver
Starfsendurhæfing - VIRK
Þjónustuver
Þjónustuver
Sjúkrasjóður
Sjúkrasjóður
Þjónustuver
Starfsendurhæfing - VIRK
Starfsendurhæfing - VIRK
Starfsendurhæfing - VIRK
Starfsendurhæfing - VIRK
Þjónustuver
Þjónustuver
Orlofssjóður

Þróunarsvið

Steinunn Böðvarsdóttir
Anna Lilja Björnsdóttir
Árdís Birgisdóttir
Elva Hrönn Hjartardóttir
Fjóla Helgadóttir
Kristlind Viktoría Sörensen
Reynir Albert Þórólfsson
Sandra Ósk Jóhannsdóttir
Selma Kristjánsdóttir
Signý Aðalsteinsdóttir

Forstöðumaður
Markaðsmál og viðburðir
Markaðsmál og viðburðir
Markaðsmál og viðburðir
Vefur og markaðsmál
Starfsmenntamál
Grafík
Fræðsla og kynningar
Starfsmenntamál
Starfsmenntamál

Skrifstofa framkvæmdastjóra

Sigmundur Halldórsson
Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir
Victor Karl Magnússon
Viðar Ingason

LÍV
Verkefnastjórn
Rannsóknir og greining
Hagfræðingur

KJÖRIN STJÓRN OG TRÚNAÐARRÁÐ ÁRIÐ 2022

Alls sitja fimmtán einstaklingar í stjórn auk þriggja í varastjórn, sjö meðstjórnendur sátu áfram kjörnir árið 2021. Á aðalfundi 28. mars 2022 tóku neðangreindir sæti í forystu félagsins. Ekki var boðað til allsherjaratkvæðagreiðslu í félaginu til trúnaðarstarfa á árinu 2022, eins og allajafna, þar sem ekki barst tilskilinn fjöldi frambjóðenda svo halda mætti kosningu um þau sjö sæti aðalmanna og þrjú sæti varamanna sem kosið er um árlega í einstaklingskosningu. Fimm buðu sig fram og voru þau sjálfkjörin. Stjórn tilnefndi tvo aðila til viðbótar í aðalstjórn og þrjá í varastjórn og lagði fyrir trúnaðarráð til samþykktar á fundi 17. febrúar 2022. Tillagan var samþykkt.

Sjö í stjórn VR til tveggja ára skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR:

Selma Björk Grétarsdóttir
Jónas Yngvi Ásgrímsson
Fríða Thoroddsen
Bjarni Þór Sigurðsson
Þorvarður Bergmann Kjartansson
Sigrún Guðmundsdóttir
Sigríður Lovísa Jónsdóttir

Þrír í varastjórn til eins árs:

Arnþór Sigurðsson
Sigríður Hallgrímsdóttir
Friðrik Boði Ólafsson

Trúnaðarráð

Samkvæmt lögum VR gerir uppstillinganefnd félagsins tillögu um skipan í trúnaðarráð. Í lögunum segir m.a.:

... Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Sama einstaklingi er óheimilt að skipa sæti samtímis á lista til trúnaðarráðs og í einstaklingskosningu til formanns eða stjórnar félagsins. Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum.

Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarráði skal skipuð fyrir 15. janúar annað hvert ár. Nefndin skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér og kannar kjörgengi þeirra. ..."

Framboðsfrestur til að skila inn listum til trúnaðarráðs fyrir kjörtímabilið 2022 – 2024 rann út á hádegi þann 7. febrúar 2022. Einn listi barst, listi stjórnar og trúnaðarráðs VR og var hann réttkjörinn í trúnaðarráð VR. Listinn er birtur í stafrófsröð hér að neðan. Helmingur trúnaðarráðs sat áfram, kosinn til tveggja ára árið 2021.

Trúnaðarráð:

Anna Bryndís Hendriksdóttir
Arnar Pálmi Guðmundsson
Auður Jacobsen
Agústa Harðardóttir
Árni Konráð Arnason
Áskell Viðar Bjarnason
Benedikt Ragnarsson
Birna Aronsdóttir
Björg Jóna Sveinsdóttir
Björgvin Björgvinsson
Darri Ásbjörnsson
Edda Svandís Einarsdóttir
Guðmundur Bergmann Pálsson
Guðrún Þórsdóttir
Gunnar Steinn Þórsson
Hafðís Erla Kristinsdóttir
Helga Bryndís Jónsdóttir
Hildisif Björgvinsdóttir
Ingibjörg Baldursdóttir
Ingibjörg H. Hjartardóttir
Jac Norðquist
Jóhann Bjarni Knútsson
Jón Hjörtur Hjartarson
Jón Ingi Kristjánsson
Jón Ólafur Valdimarsson
Jónína Vilborg Sigmundsdóttir
Kristjan Gísli Stefansson
Magnús Þorsteinsson
Pálína Vagnsdóttir
Pálmey Helga Gísladóttir
Sigrún Lóa Sigurgeirsdóttir
Stefan Sveinbjörnsson
Steinunn Böðvarsdóttir
Sæmundur Karl Jóhannesson
Tómas Elí Guðmundsson
Tryggvi Marinósson
Unnur Elva Arnardóttir
Þorsteinn Þórólfsson
Þóra Skúladóttir Öfjörð
Þórður Mar Sigurðsson
Þórunn Davíðsdóttir

TRÚNAÐARMENN Á VINNUSTÖÐUM

Trúnaðarmenn VR á vinnustöðum voru alls 230 í byrjun mars árið 2023 en voru 238 í sama mánuði árið áður. Listi yfir trúnaðarmenn er birtur á vef VR, www.vr.is.

GENERAL ACTIVITIES AND SERVICES 2022

Number of members	38,883
Individuals that paid membership fees at least once during the year	50,315
Employment terms under examination for members	1,425
Benefit recipients from VR Sick Pay Fund	1,710
Grants from VR Contingency Fund	16,508
New registrations for services from VIRK consultants at VR	426
Nights spent in VR holiday cottages	20,491

COLLECTIVE WAGE AGREEMENTS

